FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

75. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 29. MARS 2017

## Varð af milljörðum við sölu í Kaupþingi

**VIÐSKIPTI** Rúmlega 6 prósenta hlutur sem Seðlabankinn seldi í Kaupþingi í nóvember í fyrra hafði hækkað í virði um 4 til 5 milljarða króna aðeins um tveimur mánuðum síðar.

Gengi bréfa Kaupþings rauk upp á eftirmarkaði um liðlega 30 prósent í lok janúar þegar hluthöfum félagsins var tilkynnt um samkomulag við Deutsche Bank þar sem þýski bankinn samþykkti að greiða um 50 milljarða til Kaupþings. Kaupendur að bréfum Seðlabankans voru sömu vogunarsjóðir og eru núna í eigendahópi Arion banka.

Seðlabankinn segist ekki hafa haft upplýsingar á þessum tíma um viðræður Kaupþings við Deutsche og að slíkt samkomulag væri í burðarliðnum. Kaupþing vill ekki staðfesta að niðurstaða samkomulagsins hafi legið fyrir í október 2016. **– hae** **/sjá Markaðinn**

## Vilja spilliefni í Klettagarða

**UMHVERFISMÁL** Gamma Capital á nú endurvinnslufyrirtækið Hringrás eftir að fyrri eigandi fór í þrot. Fyrirtækið hefur sótt um starfsleyfi til móttöku spilliefna og sóttmengaðs úrgangs í Klettagörðum. Hafnarstjóri segir þetta ekki falla að stefnu Faxaflóahafna sem eiga lóðina.

„Efnarás er spilliefnadeild Hringrásar og það er komið að endurnýjun á starfsleyfi fyrir spilliefnadeildina,“ segir Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hringrásar. Ekki sé verið að auka við starfsemina.

„Stjórn Faxaflóahafna hefur lagst gegn sambærilegri beiðni í Klettagörðum 7 og einnig lagst gegn ósk um breytingu á deiliskipulagi þeirrar lóðar, sem miðaði að móttöku spilliefna,“ segir Gísli Gíslason hafnarstjóri. **– gar /** **sjá síðu 8**



Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi, stendur við tvö aldagömul málverk af Geysi. Verkin voru máluð af Edward Dayes árið 1790 og héngu þau til margra ára í sendiherrabústaðnum í Reykjavík. Fyrir tíu árum voru verkin send til Bretlands til lagfæringar en eru nú komin aftur í bústaðinn, væntanlega til að framboðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Spá mikilli fjölgun erlendra verkamanna

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Arion banka spáir kröftugum hagvexti á árinu og til að vinna að honum þarf að flytja inn vinnuafl. Fram til ársins 2019 mun starfandi fólki á vinnumarkaði fjölga um tæplega 15 þúsund samkvæmt nýrri hagspá. Gert er að ráð fyrir að rúmlega 7 þúsund þeirra muni koma frá útlöndum, miðað við forsendur um hagvöxt.

„Þetta er byggt á mjög ströngum forsendum um bæði atvinnuþátttöku, framleiðni vinnuafls og hvernig það mun þróast,“ segir Erna Björg Sverrisdóttir, hjá greiningardeild bankans. **– sg /** **sjá síðu 8**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Helgi Ingólfsson skrifar stjórn Sjúkrasjóðs KÍ. 12

**SPORT** Ísland vann Írland í fyrsta sinn í landsleik. 14

**LÍFIÐ** Margrét Reynisdóttir segir ungan aldur ferðaþjónustunnar hér á landi ekki vera neina afsökun fyrir slæmri þjónustu við túrista. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# Útspil HB Granda heppnaðist

**Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur lagt spilin á borðið og boðið HB Granda uppbyggingu sem kostar á annan milljarð króna. Forstjórinn gat ekki svarað hvort tilboðið breytti einhverju sem rætt verður í dag.**

**SAMFÉLAG** Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti á fundi sínum í gær viljayfirlýsingu til útgerðarfyrirtækisins HB Granda sem felur í sér stórbætta aðstöðu til landvinnslu á Akranesi. Kostnaður við uppbygginguna mun hlaupa á milljörðum.

„Þessi yfirlýsing sýnir HB Granda að við erum tilbúin til að ganga mjög langt til þess að mæta kröfum þeirra og bæta aðstöðu þeirra til bolfiskvinnslu hér á Akranesi,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi. „Við ætlum okkur, ef ásættanleg lending næst, að sýna þeim að aðstaðan hér er miklu betri en í Reykjavík. Þessa yfirlýsingu vonumst við til að forstjóri HB Granda fari með inn á stjórnarfund fyrirtækisins á morgun [í dag] þar sem málin verði rædd.“

Í yfirlýsingu bæjarins kemur fram vilji til að búa til svæði fyrir frystigeymslu auk vinnsluhúsa og að viðlegukantar verði það stórir að þeir taki við flota félagsins.

> Við erum tilbúin til að ganga mjög langt til þess að mæta kröfum þeirra.
>
> Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi

„Bæjarstjórn Akraness óskar eftir því við stjórn HB Granda að fresta um mánuð áformum um lokun botnfiskvinnslu á Akranesi og endurskoða áform sín í ljósi ofangreinds,“ segir í yfirlýsingunni.



**Bæjarstjórnin samþykkir viljayfirlýsinguna í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, sagðist í gærkvöldi ekki geta metið það hvort yfirlýsing bæjarfélagsins breytti nokkru um stöðu mála. Hann sagði það verða rætt á stjórnarfundi í dag. Hann vildi heldur ekki svara því beint hve mikið fyrirtækið áætlaði að tap þess af landvinnslu á Akranesi yrði.

„Við getum ekki fjallað um það sérstaklega. Fyrirtækið er á markaði og við getum ekki verið að tína einstakar tölur út úr rekstrinum,“ segir Vilhjálmur.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, segir mikilvægt að horft verði á stóru myndina og hvernig hún sé að teiknast upp. Að hennar mati þurfi að horfa til veiðigjaldalækkunar ef íslenskur sjávarútvegur þurfi að lifa við áframhaldandi sterkt gengi næstu misseri.

„Í mínum huga eru veiðigjöld leggur tvö í þessari umræðu. Fyrst þurfum við að setja niður skynsamlega peningastefnu. Vaxtastig er hátt og gengi krónunnar of sterkt,“ segir Heiðrún Lind. „Ef krónan helst sterk og sjávarútvegurinn getur ekki staðið undir veiðigjöldunum þá þarf að skoða það í framhaldinu.“

**– sa, shá /** **sjá síðu 4**



## Veður




Austanstrekkingur syðst á landinu, annars hægari suðlæg eða suðaustlæg átt. Stöku skúrir við suður- og austurströndina, lítils háttar rigning eða slydda á Vestfjörðum síðdegis en annars skýjað og þurrt. SJÁ SÍÐU 18



**Sigmundur D. Gunnlaugsson segir vogunarsjóðina hafa boðið stórar upphæðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vogar sér ekki að greina frá

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, vill ekki gefa upp hvaða einstaklingar á vegum vogunarsjóða buðu honum mútur í aðdraganda samskipta ríkisins við þá vegna uppgjörs slitabúa föllnu bankanna. Í DV í gær sagði Sigmundur berum orðum að ekki hefði verið hægt að skilja orðalag þessara einstaklinga öðruvísi en svo að menn gætu vel hugsað sér að sjá af örlítilli prósentu til að liðka fyrir samningum. Sú prósenta hefði verið umtalsverð upphæð.

Í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni á mánudag sagði Sigmundur jafnframt að hann hefði ekki verið eini ráðherrann í ríkisstjórninni sem hefði fengið slíkt tilboð.

Í samtali við Fréttablaðið segist Sigmundur ekki vilja gefa upp fulltrúar hvaða vogunarsjóða það voru sem gerðu tilraun til að múta forsætisráðherranum. Hann vill heldur ekki gefa upp hvaða ráðherrar aðrir það voru sem vogunarsjóðirnir reyndu að múta. Sigmundur segir að sú upplýstrun komi til með að bíða betri tíma og hann muni greina frá því áður en langt um líður. – snæ

## Hlegið í Stúdentakjallaranum




**Fyndnasti háskólaneminn var krýndur í gærkvöldi en alls sögðu sex stúdentar brandara á úrslitakvöldinu. Þetta er í þriðja sinn sem keppnin fer fram en úrslitin lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Anna Kristín Jensdóttir gerði stólpagrín að sjálfri sér. Kitlaði það hláturtaugar áhorfenda í Stúdentakjallaranum. Ari Eldjárn sá um að kynna keppendur til leiks og Mið-Ísland skipaði dómnefnd.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óskað eftir tilnefningum

**SAMFÉLAG** Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd. Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum. Nánari upplýsingar um flokkana á visir.is.

Hægt er að senda inn tilnefningar á Vísi, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út á miðnætti þann 6. apríl. Dómnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 12. apríl.

# Tipparar mokgræddu á unglingaleik í Árbæ

**Fjárhættuspilarar fá hagstæða stuðla á leiki í 2. flokki þar sem veðmálafyrirtæki vita síður af meiðslum og fjarvistum leikmanna. KSÍ er uggandi yfir veðmálum í yngri flokkum. Faðir leikmanns óttast að leikmönnum verði mútað.**

**KNATTSPYRNA** Fjöldi fjárhættuspilara var mættur á leik Fylkis og Fram í Reykjavíkurmótinu í 2. flokki karla í vikunni. Ástæðan var sú að stuðlar veðmálasíðna bentu til þess að Framarar myndu vinna. Það var þrátt fyrir að sjö lykilmenn Framara vantaði í liðið. Veðjuðu því margir á Fylki og uppskáru vel því Árbæingar unnu leikinn 2-0. Fram vann fyrri leik liðanna 7-0. Þetta segir Jón Birgir Valsson, faðir eins leikmanna Fram.

„Maður sá ýmsa í brekkunni sem maður hafði ekki séð áður. Þegar maður fór að spyrjast fyrir um hvað fólk væri að gera á leik sem skipti litlu máli í Reykjavíkurmótinu kom þetta í ljós,“ segir Jón.

Sonur hans kom upp í 2. flokk á síðasta ári. Þá fyrst varð Jón var við þessa veðmálastarfsemi og blöskraði honum dálítið. „Maður er dálítið smeykur við það að þetta gæti haft slæm áhrif á óharðnaða og unga leikmenn. Þeir gætu freistast í einhverja vitleysu. Maður veit aldrei.“

Jón segist sjá lýsanda frá veðmálafyrirtækjum á hverjum einasta leik hjá A-liðum. Þeir séu mættir snemma og komi sér upp aðstöðu. Augljóst er að um lýsanda sé að ræða og tengist þeir hvorugu liðinu.

Hann segist óttast það mjög að veðmálastarfsemi í öðrum flokki leiði til þess að óprúttnir aðilar reyni að fá leikmenn eða dómara til að hagræða leikjum. „Þetta er eitt af því sem kom upp í huga minn þegar ég tók eftir þessu,“ segir Jón og bætir því við að KSÍ þurfi að skoða þessi mál ofan í kjölinn.

Jón Steindór Þorsteinsson, þjálfari 2. flokks karla hjá Fylki, segir marga hafa verið í stúkunni. „Við höfum yfirleitt heyrt af því ef eitthvert stuðlavesen hefur verið í gangi. Ég heyrði ekki af því fyrir þennan leik,“ segir Jón Steindór. Þó segir hann að slíkt myndi ekki koma sér á óvart þar sem bæði lið voru án sinna sterkustu manna.

„Ég veit ekki af hverju stuðlarnir hefðu átt að vera eitthvað ruglaðir af því bæði liðin ættu að sitja við sama borð,“ segir Jón Steindór. Þá segist hann hafa tekið eftir því að veðmál hafi færst í aukana í 2. flokki.

Þorvaldur Ingimundarson, heilindafulltrúi KSÍ, segir sambandið vita að þetta sé algengt í 2. flokki. Þó sé hann ekki viss hvort starfsemin sé að færast í aukana.

„Orðspor íslenskrar knattspyrnu er þannig að veðmálafyrirtæki vilja hafa íslenska leiki á síðunum hjá sér. Það er erfiður fylgifiskur velgengni okkar og góðs orðspors. Eðlilega er freistnivandinn meiri fyrir marga, sérstaklega yngri kynslóðina,“ segir Þorvaldur.

Þá segir hann KSÍ uggandi yfir veðmálum í yngri flokkum. Undanfarið hafi sambandið farið í knattspyrnufélög með fræðslu um málefnið. „Við viljum vekja athygli á þessu máli og vekja fólk til umhugsunar.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



**Óvenju margir fylgdust með leik Fram og Fylkis í öðrum flokki karla.** MYND/ÁSGRÍMUR HELGI EINARSSON



**Hér má sjá stuðla ýmissa veðmálafyrirtækja á umræddan leik. Öll fyrirtækin töldu líklegra að Framarar myndu vinna leikinn.** MYND/SKJÁSKOT





# Hugsun
## -skilgreinir hún manninn?

Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar
Sturlugötu 8, miðvikudaginn 29. mars kl. 17.00–18.30.

Kaffiveitingar frá kl.16:30 – Allir velkomnir



**Skilningur og vit hjá manneskjum og vélmennum**
Kristinn R. Þórisson
prófessor í tölvunarfræði við HR



**Þegar minnið hopar**
Ellý Katrín Guðmundsdóttir



**Heilinn**
Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur

Á www.decode.is/fundir getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING 20

# Gengið verður ekki fellt og veiðigjöld verða ekki lækkuð

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að gengið verði ekki fellt fyrir stórútgerðir og veiðigjöld verði heldur ekki lækkuð.

Hún biðlar til fyrirtækja í sjávarútvegi að sýna samfélagslega ábyrgð þar sem þeim er veittur réttur á auðlind þjóðarinnar til reksturs. Fyrirtækin hafi sýnt fram á mikinn hagnað síðustu ár en einnig þurfi að horfa til þess að styrkja byggð á landinu öllu.

„Gengið verður ekki fellt. Það sem skiptir mestu máli er að taka á gjaldmiðlamálum okkar Íslendinga. Við sjáum sama vandann víða um land sem er of sterkt gengi krónunnar.

Við hljótum öll að sjá að það gengur ekki lengur að vera með íslenska krónu. Nú erum við búin að setja á laggirnar starfshóp sem á að skoða þessi mál gaumgæfilega og

> Útgerðin var ekki til í að greiða hærri veiðigjöld þegar gengið var veikt.
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra



ég vona að sá hópur vinni hratt og örugglega að lausn á málinu,“ segir Þorgerður Katrín.

Teitur Björn Einarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, telur stöðu HB Granda og lokun fyrirtækisins á Akranesi sýna svo ekki verði um villst að veiðigjöld á sjávarútvegi séu of há og þau þyrftu að lækka til að tryggja atvinnuöryggi hinna dreifðu byggða. Sjávarútvegsráðherra er ósammála mati hans í þeim efnum. „Það er ekki á dagskrá að lækka veiðigjöldin. Ég er mjög treg til þess,“ segir Þorgerður Katrín. „Við skulum hafa það hugfast að útgerðin var ekki til í að greiða hærri veiðigjöld þegar gengið var veikt. Sanngirni verður að ganga í báðar áttir.“

Ef ákvörðun HB Granda stendur mun Akraneskaupstaður verða af miklum fjármunum í formi útsvars og afleiddra tekna. **– sa**

# Gefa ekki upp áætlað tap á landvinnslu HB Granda

**Forstjóri HB Granda, Vilhjálmur Vilhjálmsson, gefur ekki upp hvað fyrirtækið áætlar að tap af landvinnslu á Akranesi geti orðið mikið á næstu árum. Hann vill ekki svara því beint hvort fyrirtækið gæti sætt sig við tap eftir fordæmalausan hagnað síðustu ára. Hann telur óbreytt ástand þýða að landvinnsla færist úr landi.**

**SAMFÉLAG** Ekki fæst gefið upp hversu mikið tap HB Grandi áætlar að verði af landvinnslu félagsins á Akranesi næstu misserin að óbreyttu.

„Við getum ekki fjallað um það sérstaklega. Fyrirtækið er á markaði og við getum ekki verið að tína einstakar tölur út úr rekstrinum,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, spurður um útreikninga fyrirtækisins um afkomu landvinnslu á Akranesi.

Eins og fram hefur komið taka forsvarsmenn HB Granda ákvörðun í dag um hvort landvinnslu botnfisks á Akranesi verði hætt. Það þýðir að 93 störf í landvinnslu tapast, auk afleiddra starfa í bænum. Má fastlega gera ráð fyrir að þessi breyting á rekstri fyrirtækisins muni snerta upp undir 150 manns á Akranesi.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru að koma út úr fordæmalausu góðæri. HB Grandi hefur skilað tugmilljarða króna hagnaði á undanförnum árum og voru arðgreiðslur í fyrra um þrír milljarðar króna, en stjórn félagsins leggur til að arðgreiðslur nemi 1,8 milljörðum fyrir árið 2016.

En kemur ekki til greina að fyrirtækið taki höggið í einhvern tíma í ljósi þessarar góðu afkomu svo þessi mikli fjöldi fólks fái haldið atvinnu sinni?

„Það er einfaldlega þessi staða til framtíðar sem við erum að meta núna. Það sem við höfum verið að horfa á er hvort það séu einhverjir möguleikar á því að rekstrarskilyrði fari batnandi. Við erum ekki að sjá það. Við sjáum ekkert slíkt í stöðunni og ég lít svo á að við séum í nauðvörn við að halda vinnslunni í landinu,“ segir Vilhjálmur.



Þrátt fyrir mikinn uppgang HB Granda að undanförnu þarf fyrirtækið að skera niður. Starfsmenn búa við óvissu um framhaldið. Starfsmaður landvinnslunnar gekk hægum skrefum upp tröppur HB Granda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> En ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef gengi íslensku krónunnar helst svo sterkt sem raun ber vitni, eða styrkist frekar til nokkurra ára, þá mun það draga verulega úr vinnslu hér á landi.
>
> Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda

Spurður hvort virkilega sé raunhæfur möguleiki á því að vinnsla sjávarfangs fari úr landi, segir Vilhjálmur svo vera. Hún sé erlendis að litlum hluta í dag. „En ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef gengi íslensku krónunnar helst svo sterkt sem raun ber vitni, eða styrkist frekar til nokkurra ára, þá mun það draga verulega úr vinnslu hér á landi.“

Spurður hvað gæti breytt þeirri mynd sem hefur verið dregin upp fyrir Skagamenn, og verður tilkynnt í dag að óbreyttu, segist Vilhjálmur ekki sjá það í fljótu bragði. „Ef ég hefði lausn til að breyta þessu þá hefði ég þegar lagt hana á borðið,“ segir Vilhjálmur.

Þegar spurt er hvort krafan um að leggja niður landvinnslu á Akranesi hafi komið beint frá stjórn fyrirtækisins, svarar Vilhjálmur:

„Það er mikið verið að tala um samfélagslega ábyrgð okkar. Hún snýst að stórum hluta um það að standa að rekstri sem ber sig. Það er samfélagslega óábyrgt að standa að rekstri til lengri tíma sem ber sig ekki,“ segir Vilhjálmur en þráspurður um hagnað fyrirtækisins á undanförnum árum í því samhengi bætir hann við:

„Við höfum nýtt hann til mikilla fjárfestinga. Við erum til dæmis að byggja upp flota félagsins og tryggja reksturinn til framtíðar.“ Hann bætir við að stór hluti af hagnaði HB Granda skýrist af góðri afkomu af uppsjávarveiðum og vinnslu félagsins. **svavar@frettabladid.is**

## Fólkið í bænum

**Einar Guðmundsson**
Mest held ég að verið sé að þrýsta á lækkun krónunnar. Það eru allir sammála því að krónan er allt of há. Manni finnst búið að anda köldu í garð HB Granda hjá of stórum hluta bæjarins.



**Jónína Björg Magnúsdóttir, starfsmaður HB Granda**
Ég vinn hjá góðu fyrirtæki. Það er búið að bæta launin, fyrirtækið fær umhverfisverðlaun og ég efast ekki um að ef hér væri hátæknifrystihús og fín höfn yrði allt til sóma.



**Skúlína Guðmundsdóttir, trúnaðarmaður hjá HB Granda**
Maður er í harmi sleginn. Þetta er ekki hagræðing á þeim grundvelli að það gangi illa hér.



**Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness**
Kerfið í dag hefur virkað þannig að örfáir aðilar geta tekið ákvörðun um að skilja heilu byggðarlögin eftir í sárum og fólkið í átthagafjötrum. Ég hræðist að valdakerfið í íslensku samfélagi sé orðið svo rótgróið að pólitíkusar hafi ekki kjark og þor til þess að spyrna við fótum. Ég vona að þetta sé ekki pókerspil sem menn leika hér. Að setja saklaust fólk í þá stöðu að verða óttaslegið um sína lífsafkomu er ekkert grín.







GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín **til afgreiðslu strax.**

**Verðlaunaðasti** og einn **öflugasti** jeppi sem framleiddur hefur verið.

**Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?**

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er **góður í endursölu.**

**Tökum upp í allar gerðir bíla.**

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

*Bíll á mynd með 32" breytingu




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is







Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hringrásar, á starfssvæði félagsins í Klettagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja vinna eiturúrgang á Hringrásarlóð

**UMHVERFISMÁL** Efnarás ehf., dótturfyrirtæki Hringrásar, sækir nú um starfsleyfi til að taka á móti tvö þúsund tonnum af spilliefnum og sóttmenguðum úrgangi og fjögur þúsund tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi til endurvinnslu í Klettagörðum 9.

Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hringrásar, segir nýja eigendur, Gamma Capital Management, hafa tekið við Hringrás í lok janúar þegar fyrri eigandi hafi orðið gjaldþrota. „Nýi eigandinn er heldur metnaðarfyllri en fyrri eigendur,“ segir hann. Nú sé verið sé að skoða framtíðarstaðsetningu fyrirtækisins í samvinnu við Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir.

„Við erum með samning hérna til 2023,“ segir hann. Minnst tvö til þrjú ár taki að flytja starfsemina. Hafnarfjörður, Þorlákshöfn, Álfsnes og Grundartangi komi til álita.

„Menn verða að horfast í augu við það að þetta er kannski ekki heppilegasti staðurinn fyrir svona starfsemi eins og bent var hraustlega á í fyrrahaust þegar síðasti bruni varð,“ segir Daði. **– gar**

# Jafnlaunavottun bitnar á litlum fyrirtækjum

**Jafnlaunavottun þýðir aukið álag á æðstu starfsmenn því ekki er hægt að ráða starfsmann til að sjá um samantektina. Formaður Samtaka iðnaðarins og markaðsstjóri Kjöríss segir hana verða fyrirtækjum eins og sínu íþyngjandi.**

**STJÓRNMÁL** „Nú þegar er gríðarlega mikill kostnaður á fyrirtæki í landinu í kringum ýmiss konar eftirlit. Við höfum trú á því að við gætum farið í aðgerðir með fyrirtækjunum með markvissum hætti án þess að fara í vottun,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og markaðsstjóri Kjöríss, um jafnlaunavottun. Frumvarp um jafnlaunavottun var kynnt í ríkisstjórn í gær en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær miðast frumvarpið við fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri og nær þar með yfir um 70 prósent af atvinnulífi landsins.

Kjörís er tæplega sextíu manna fyrirtæki þar sem fjörutíu prósent starfsmanna eru konur og sextíu prósent karlar. Fyrirtækið er því tvöfalt stærra en lágmarkið er fyrir jafnlaunavottun samkvæmt frumvarpinu. Guðrún segir að fyrirtækið muni ekki geta ráðið starfsmann til að sjá um vottunina og vinna við hana komi til með að reynast fyrirtækinu, og sambærilegum fyrirtækjum, mjög íþyngjandi. „Við höfum áhyggjur af kostnaðinum sem þessu fylgir fyrir fyrirtækin í landinu. Þarna höfum við ekki verið að tala um hundruð milljóna króna heldur jafnvel einhverja milljarða.“

> Við hefðum viljað sjá þetta unnið með öðrum hætti og ekki með valdboði.
>
> Guðrún Hafsteinsdóttir formaður Samtaka iðnaðarins og markaðsstjóri Kjöris



Í samtali Fréttablaðsins við starfsmenn félagsmálaráðuneytisins á mánudag kom fram að ráðuneytið væri ekki með það skráð nákvæmlega hver kostnaðurinn af jafnlaunavottuninni yrði, en slíkt ferli væri ekki ólíkt öðrum eftirlitsskyldum fyrirtækja og væri einfaldlega hluti af því að standa í daglegum rekstri.

„Við hefðum viljað sjá þetta unnið með öðrum hætti og ekki með valdboði,“ segir Guðrún. „Fyrirtæki eins og okkar hefur enga burði í þetta. Við erum ekki með mannauðsstjóra og sjáum sjálf um þau mál eins og langflest fyrirtæki á Íslandi. Nú þegar þurfum við að gera áhættumat, erum með brunavarnir og jafnréttisáætlun. Núna er svo að koma inn ný reglugerð varðandi persónuverndarlög.“

Guðrún segir að fyrirtækið borgi einfaldlega sömu laun fyrir sömu störf. Fyrirtækið sjálft sinni þannig eftirliti með sjálfu sér og yfirfari launin reglulega til að tryggja starfsmönnum sé ekki mismunað. „En við höfum líka verið með nokkra starfsmenn sem koma úr öðrum menningarheimi og þekkja ekki þetta mikla kynjajafnrétti sem við erum með. Við vorum með erlendan karlkyns starfsmann sem bara hætti því hann var svo gríðarlega óánægður þegar hann komst að því að kvenkyns samlandar hans voru á sömu launum fyrir sama starf.“

Hún nefnir að allir stjórnendur verði að standa jafnréttisvaktina. Annað sé óásættanlegt. „Ég er mikil kvenréttindakona og við gætum þess að konur fái sömu laun fyrir sambærileg störf og jafn verðmæt störf.“ Hún segir þó því ekki að neita að karlar sæki sér frekar launahækkanir en konur og að atvinnurekendur mættu vera duglegri að bjóða harðduglegum konum launahækkanir í samræmi við frammistöðu í starfi. **snaeros@frettabladid.is**

# Isavia hefur nú tvöfaldast frá stofnun

**SAMGÖNGUR** Vegna mikils vaxtar í ferðamennsku á Íslandi stefnir í að starfsmannafjöldi Isavia tvöfaldist miðað við það sem hann var við stofnun fyrirtækisins árið 2010. Þetta kemur fram í skriflegu svari Guðna Sigurðssonar, upplýsingafulltrúa Isavia, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Árið 2017 verður staðan þannig að fjöldinn hefur tvöfaldast frá stofnun Isavia,“ segir í svarinu.

Þá segir að í lok árs 2011 hafi starfsmenn Isavia verið 632 talsins. Þeim hafi fjölgað í 653 árið 2012, í 702 árið 2013, í 950 árið 2015 og hafi verið orðnir 1.081 í lok síðasta árs. Er því ljóst að vöxturinn hefur verið mikill og samfelldur.

Ef dótturfélög Isavia eru talin með var meðalstarfsmannafjöldi árið 2011 alls 729 og fjölgaði í 790 árið 2012, 848 árið 2013, 914 árið 2014, 1.017 árið 2015 og voru starfsmenn orðnir 1.215 á síðasta ári. **– þea**

**Starfsmenn Isavia**








ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2017

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR MIÐVIKUDAGINN 5. APRÍL KL. 16

Fundurinn verður haldinn í húsnæði skólans, Laugarnesvegi 91.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.
Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

**ŠKODA Octavia** er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.

**Dráttarbeisli og vetrardekk**
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:

**3.350.000 kr.**

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**

# Lífeyrissjóðum verði bannað að lána til íbúðakaupa

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hvetur til þess að lífeyrissjóðum verði bannað að lána til íbúðakaupa. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur verið stödd hér á landi undanfarnar tær vikur.

Í skýrslunni lýsir nefndin áhyggjum sínum af því að verðhækkanir á fasteignamarkaði gætu aukið á þenslu í hagkerfinu. Húsnæðislán séu farin að aukast og fylgjast þurfi betur með því.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að beita ætti þjóðhagsvarúðartækjum, eins og þörf krefur. Slíkar aðgerðir ætti að fela í sér takmarka lán í erlendum gjaldmiðli til óvarinna lántakenda og mögulega að banna lánveitingar lífeyrissjóðanna

AGS segir að eftirspurn eftir húsnæði kunni áfram að verða meiri en framboðið og þar með hækka húsnæðisverð enn meira. „Ef hækkandi framfærslukostnaður heldur erlendu vinnuafli frá landinu gæti þenslan orðið meiri á vinnumarkaði. Frekari háar launahækkanir gætu aukið enn á innlendan eftirspurnarþrýsting,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá segir AGS að Seðlabankinn ætti að viðhalda aðhaldssamri peningastefnu á sama tíma og innlend eftirspurn er jafn mikil og nú er. „Bankinn ætti að grípa minna inn í gjaldeyrismarkað en hann gerði á síðasta ári og sýna aukna þolinmæði gagnvart skammtímasveiflum. Eftir því sem styrking krónunnar bætir verðbólguhorfur gæti myndast svigrúm til vaxtalækkunar.“ **– jhh**



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kynnti skýrslu sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Tónlistarskóli FÍH**

**auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2017-2018**

Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2017-2018 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 3. apríl n.k.
Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.tonlistarskolifih.is og á www.rvk.is (Rafræn Reykjavík)

- Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.
- Umsækjendur fá tölvupóst með nánari tímasetningu fyrir inntökupróf sem verða 7.apríl.
- **Umsækjendur fá svar um skólavist í byrjun maí**



**Þú þarft einungis að hafa hæfileika og þá tökum við við þér**

**Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.**

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rythmiskri tónlist ( djass, popp, rokk,) Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu. Tónlistarskóli FÍH er góður undirbúningur fyrir þá sem ætla sér í framhaldsnám í tónlist og starfar skólinn í nánu umhverfi við MÍT menntaskóla í tónlist.





**Laugavegur 77 — 170m²**

Glæsilegt skrifstofurými til leigu

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til tryggvi@geysir.com


# Sjö þúsund verkamenn á næstu árum

**Greiningardeild Arion banka spáir kröftugum hagvexti á árinu. Til að vinna að honum þarf að flytja inn vinnuafl. Mesti skorturinn er í byggingageiranum en minnsti í sjávarútvegi samkvæmt hagspá.**

**VIÐSKIPTI** Á þessu ári og fram til ársins 2019 mun starfandi fólki á vinnumarkaði fjölga um tæplega 15 þúsund samkvæmt nýrri hagspá Arion banka. Gert er að ráð fyrir að rúmlega 7 þúsund þeirra muni koma frá útlöndum, miðað við forsendur um hagvöxt.

Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarvinnuafli gæti því samkvæmt spánni orðið hærra en uppsveifluárin 2007 eða 2008. „Þetta er byggt á mjög ströngum forsendum sem við erum að gefa okkur um bæði atvinnuþátttöku og framleiðni vinnuafls og hvernig það mun þróast. Við höfum séð atvinnuleysi fara lengra niður, ef það gerist þá þarf kannski ekki að flytja inn alveg jafn mikið vinnuafl. En til að geta unnið að þessum gríðarlega hagvexti þá þarf að koma til innflutningur á vinnuafli,“ segir Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.

Mest skortir vinnuafl í byggingageiranum en einna síst í sjávarútvegi að því er kemur fram í hagspánni. Einnig er mikil eftirspurn í ferðaþjónustu, iðnaði og framleiðslu og ýmiss konar sérhæfðri þjónustu. Erna telur að ef hlutfall erlends vinnuafls verður hærra en í aðdraganda hrunsins skýrist það helst af lengra uppsveiflutímabili nú en síðast.

Í hagspánni kemur fram að hagvöxtur á síðasta ári kom greiningaraðilum í opna skjöldu. Landsframleiðslan jókst um 7,2 prósent árið 2016 og spáir greiningardeildin áframhaldandi kröftugum hagvexti, eða um 5,9 prósentum á þessu ári. Vöxturinn verður drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu. „Stærstu fréttirnar í hagspánni eru hversu mikill kraftur er í hagkerfinu, hversu hagfelld þróunin hefur verið og sérstaklega hvernig hagvöxturinn er samsettur. Árin 2018 og 2019 er svipaður vöxtur á innflutningi og útflutningi þannig að framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar er ekki neikvætt, heldur hlutlaust ef svo má að orði komast,“ segir Erna.

Spáð er að þó muni hægja á hagvexti á komandi árum og hann mælast 3 prósent árið 2018 og 2,9 prósent árið 2019. Erna segir að það sem skýri það aðallega sé að atvinnuvegafjárfesting dragist saman á næsta ári. „Það má ekki túlka það sem svo að við séum að spá að það verði lítil fjárfesting, heldur dregur úr vextinum,“ segir Erna Björg Sverrisdóttir.

**saeunn@frettabladid.is**

**Stærstu fréttirnar í hagspánni eru hversu mikill kraftur er í hagkerfinu, hversu hagfelld þróunin hefur verið og sérstaklega hvernig hagvöxturinn er samsettur.**

Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka



# Rannsókn á ís vegna veikinda sakbornings

**DÓMSMÁL** Rannsókn héraðssaksóknara á fjársvikamáli tengdu AFL sparisjóði er enn ekki lokið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur málið legið á ís vegna alvarlegra veikinda eins sakborningsins, Magnúsar Jónassonar.

Tveir menn voru handteknir vegna rannsóknar málsins í september 2015. Annar þeirra var fyrrverandi starfsmaður sparisjóðsins en hinn var Magnús Jónasson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar.

Í desember síðastliðnum voru svo aðrir tveir menn handteknir. Annar þeirra var Ólafur Jónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að fjárdrátturinn nemi hundruðum milljóna króna þegar allt er talið saman. Málið hefur verið lengi til rannsóknar hjá embætti héraðssaksóknara sem hefur þurft að rekja slóð fjármagnsins bæði innan lands og utan landsteinanna samkvæmt heimildum fréttastofu.

AFL sparisjóður er í dag hluti af Arion banka, en þegar sparisjóðurinn sameinaðist bankanum var farið að skoða bókhald sjóðsins og vaknaði þá grunur um misferli. **– jhh**

DACIA

# DACIA DUSTER

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Verð kr.
**3.490.000**
Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*

Fjórhjóladrifinn, dísil, með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá.

ENNEMM / SÍA / NM80652

Veglegur staðalbúnaður m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

www.dacia.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Farangursbox í mynd er aukabúnaður.

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Fyrir fortíðina



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er óhætt að segja að Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, standi í ströngu þessa dagana. Það að umhverfis- og auðlindamálin séu á sömu könnunni er reyndar lýsandi fyrir það hvernig er komið fyrir umhverfismálum í tíð núverandi og reyndar einnig síðustu ríkisstjórnar. Í þessu er nefnilega fólginn sá hugsunarháttur að einn og sami ráðherra geti sinnt umhverfismálum og hagað þeim eftir þörfum auðlindamála hvers tíma fyrir sig. Afleiðingarnar láta ekki á sér standa.

Arsenmengun í grennd við verksmiðju United Silicon í Helguvík á sér tæpast aðrar skýringar en að mengunina megi rekja til umræddrar verksmiðju. Verksmiðju sem Reykjanesbær sótti fast að fá þarna á bæjarhlaðið á sínum tíma enda atvinnuástandið þá skelfilegt og stemningin fyrir því sem þá var kallað „eitthvað annað“ en í dag kallast m.a. ferðaþjónusta var einfaldlega ekki fyrir hendi. Björt Ólafsdóttir erfði því þennan ósóma sem nú virðist menga Reykjanesbæ langt umfram það sem ásættanlegt getur talist.

En mengunin frá verksmiðjunni í Helguvík er langt frá því að vera eini óvætturinn sem Björt fékk í arf frá fyrri stjórnvöldum. Þarna er líka kísilverið á Bakka sem mun brenna 66 þúsund tonnum af kolum á ári og samkvæmt umsögn Skipulagsstofnunnar frá árinu 2013 er augljóst að mengunarefni muni hafa neikvæð áhrif á loftgæði í nágrenni verksmiðjunnar. Styrkur efnanna á þó að vera undir viðmiðum en það hljómar eflaust kunnuglega fyrir fólkið í Reykjanesbæ.

Björt erfði líka tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar þar sem gerð er tillaga um að færa m.a. Skrokkölduvirkjun úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk, með tilheyrandi raski á hálendi Íslands og eyðileggingu á mögulegum miðhálendisþjóðgarði. Tillöguna lagði Björt fram óbreytta frá hendi verkefnastjórnar í tíð Sigrúnar Magnúsdóttur á ráðherrastóli. Í kosningabaráttunni talaði Björt Ólafsdóttir reyndar fjálglega um mikilvægi þess að vernda miðhálendið og fyrir skömmu lýst hún því því yfir í tengslum við mengunina í Helguvík að ekki verði meira um ívilnanir fyrir mengandi stóriðju á Íslandi. Í þessu samhengi er gott að hafa í huga að Íslendingar, heimili og fyrirtæki, nýta um 20% af þeirri raforku sem við framleiðum. Hin 80% eru nýtt af erlendum mismengandi stóriðjufyrirtækjum sem skila 1% af þjóðartekjum og 1% af störfum.

Sjálf hefur Björt lýst því yfir að hún sjái þingsályktunartillöguna sem í senn öfluga orkunýtingaráætlun og metnaðarfulla verndaráætlun. En þá hljótum við að spyrja: Orkunýting handa hverjum? Hver á að nota þessa orku ef það á loksins að hætta að bæta við mengandi stóriðju á Íslandi? Eða eru það kannski einvörðungu ívilnanirnar sem núverandi ríkisstjórn er tilbúin að láta af í þágu mengandi stóriðju? Eru þessir mengunarvaldar velkomnir til Íslands eftir sem áður og það á kostnað miðhálendisins svo lengi sem þeir eru tilbúnir til þess að borga fyrir sig? Þessum spurningum og fleirum þurfa bæði Björt Ólafsdóttir og þingflokkur Bjartrar framtíðar að svara kjósendum sínum. Og þá ekki síst þeirri spurningu hvort þau séu að störfum fyrir kjósendur sína eða ríkisstjórnir og hugmyndir liðinna daga, fyrir fortíðina.

**Íslendingar, heimili og fyrirtæki, nýta um 20% af þeirri raforku sem við framleiðum. Hin 80% eru nýtt af erlendum mismengandi stóriðjufyrirtækjum.**



Ársfundur Veðurstofu Íslands 2017

## Áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi

**Ársfundur Veðurstofu Íslands verður haldinn fimmtudaginn 30. mars 2017, kl. 9.00–11.30, á Veðurstofunni, Bústaðavegi 7. Boðið er upp á morgunverð frá kl. 8.00.**

*Ávarp*, Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

***Veðurstofan – stefnan sett***, Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofunnar

*Súrnun sjávar hér og þar*, Jón Ólafsson, prófessor emeritus, HÍ og Sólveig R. Ólafsdóttir, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun

*Hækkuð sjávarstaða á höfuðborgarsvæðinu – áhrif og aðgerðir*, Auður Magnúsdóttir, umhverfisstjórnunarfræðingur

*Loftslagsbreytingar og lífríki landsins*, Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor LBHÍ

*Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*, Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags á Veðurstofu Íslands

Veðurstofa Íslands

Sjá nánar á www.vedur.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Tvískinnungur**

**Forsvarsmenn HB Granda tilkynntu í fyrradag um áform sín um að hætta landvinnslu fyrirtækisins á Akranesi. Ákvörðun sem mun þýða að á bilinu 90 til 150 manns missa atvinnu sína. Þennan sama dag var tilkynnt að Friðrik Friðriksson lögfræðingur hefði verið ráðinn til að annast mannauðsmál hjá fyrirtækinu. Í tilkynningunni kemur fram að ráðning Friðriks sé „til marks um aukna áherslu félagsins á málaflokkinn“. Nú gæti einhver sagt að það skyti skökku við að fyrirtækið reki tugi starfsmanna sinna út á gaddinn á sama tíma og það tilkynnir um aukna áherslu á mannauðsmál.**

**Tosca**

**Það er stundum sagt að konur séu konum verstar. Eflaust hefur einhver hugsað það þegar frétt ist hvernig valið var í hlutverk í Tosca sem Íslenska óperan setur upp í Hörpu í október. Í verkinu eru sjö burðarhlutverk. Þar af er eitt kvenhlutverk en sex karlhlutverk. Íslenskir söngvarar fara með öll karlhlutverk og er valinn maður í hverju rúmi. Með hlutverk Tosca fer hins vegar Claire Rutter. Og það er auðvitað áleitin spurning hvers vegna Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri gat ekki fundið íslenska konu til þess að fara með aðalhlutverkið.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Silfurberg og landvarsla



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður VG

Þegar kemur að lýsingum á því hve merkileg íslensk náttúra er förum við stundum fram úr okkur að margra mati.

Nú er sagt í umfjöllun um vanda Helgustaðanámu að fundarstaðir silfurbergs séu fáir í heiminum. Þessi náma er vissulega afar merkileg, bæði fyrir fyrsta flokks silfurbergsskristalla í eina tíð og vegna þess að hún hefur sögulega sérstöðu. Er fyrsta náman sem tengja má merkum notum af steindinni í raunvísindum og langri sögu silfurbergsnáms.

Þetta friðaða náttúruvætti er einn af örfáum fundarstöðum silfurbergs í Evrópu en ekki heiminum öllum. Verulegt magn af tæru silfurbergi finnst til dæmis á nokkrum stöðum í Bandaríkjunum, í Kína, Ástralíu, Síberíu, Tyrklandi, Mexíkó og þó einkum í Brasilíu. Á eBay er hægt að kaupa tæra kristalla á 6 til 50 dollara eftir stærð og í annarri netverslun er 4 kg kristall til sölu á 126 dollara.

**Okkur vantar landverði**

Ég nefni þetta hér í samhengi við illa umgengni um námuna og brottnám sýna þaðan, á meðan landvörður nær ekki að koma þar við nema örfáum sinnum á ári. Sú afleita staða er aðalatriðið í þessu máli. Enda þótt á annað hundrað landverðir séu sumarráðnir til að gæta þjóðgarða og annarra friðaðra svæða, dugar það hvergi.

Okkur vantar á þessu og næsta ári annað eins af menntuðum landvörðum sem eru um leið fræðendur ferðamanna, okkur vantar nýja tegund landvarða að auki, þ.e. allstóran hóp sérmenntaðra landvarða með lögregluvald, líkt og þá sem kallast NPS rangers í Ameríku, og okkur vantar mun fleiri menntaða leiðsögumenn, alla með löggildingu (sem flestum ferðahópum væri skylt að hafa hjá sér). Einnig þurfum við að stemma stigu við ólöglegri vinnu í ferðageiranum, t.d. akstri og leiðsögn án tilskilinna leyfa eða tilkynninga og á það m.a. við um erlenda aðila.

**Enda þótt á annað hundrað landverðir séu sumarráðnir til að gæta þjóðgarða og annarra friðaðra svæða, dugar það hvergi.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Er ekki nóg komið?



**Jóhann Hjartarson**
héraðsdómslögmaður

Það er heldur dapurlegt og nánast óraunverulegt að þurfa aftur að eiga orðastað við Birgi Guðjónsson lækni eftir að hafa mætt honum í málflutningi fyrir Lyfjadómstól ÍSÍ fyrir 16 árum, í máli sem hann hefur skrifað ítrekað um í dagblöð allar götur síðan. Ekki bætti svargrein hans til mín í blaðinu 16. mars sl. við grein minni frá 7. s.m. úr skák þótt yfirskriftin gæfi tilefnis til annars: „[...] – Mál að útskýra". Samsærið mikla heldur áfram þótt staðreyndirnar tali öðru máli.

Það er mikil áskorun að reyna að eiga málefnalega samræðu þegar fyrirliggjandi staðreyndum mála er kerfisbundið snúið upp í andhverfu sína og áfram spunnin sú villta en þokukennda samsæriskenning að Kári Stefánsson hafi leitt víðtækt samsæri innan ÍSÍ með atbeina lögmannsins dularfulla til þess að ná fram ranglátri niðurstöðu fyrir tengdadóttur sína fyrir lyfjadómstóli ÍSÍ – og heldur bætt í frekar en hitt. Hvers á hún eiginlega að gjalda þótt Birgi sé augljóslega mjög í nöp við Kára af ástæðum sem hann einn þekkir? Fyrirlitning Birgis á dómendum nær líka nýjum hæðum þegar ekki er vitnað til þeirra öðruvísi en með skætingi í gæsalöppum. Í raun er ekki eyðandi púðri á málflutning af þessu tagi, hann dæmir sig sjálfur.

En að staðreyndum málsins: Ekki fannst mér hólið gott þegar Birgir hrósaði mér fyrir að hafa „skautað framhjá [staðreyndum málsins] eins og góður lögmaður". Það gerði ég ekki, þær lágu nefnilega ljósar fyrir og töluðu sínu máli án mikillar aðstoðar. Hér gætir líka grundvallar misskilnings um störf lögmanna. Þeir halda sig nefnilega langoftast við staðreyndir mála þegar þær blasa við og þeir örfáu sem gera það ekki missa fljótt virðingu kollega sinna og dómenda og gera þannig sjálfum sér og skjólstæðingum sínum meiri óleik en nokkrum öðrum. Þarna er kannski komin skýringin á óförum Birgis sem ákæranda hjá lyfjanefnd ÍSÍ, ef þessi orð hans eru til marks um það hvernig hann nálgaðist sannleikann og embætti sitt.

Ekki verður komist hjá því að vísa á bug þeirri fjarstæðukenndu staðhæfingu Birgis að umbjóðandi minn hafi lagt fram skjöl fyrir dóminn sem sýndu fram á að „hún hafi EKKI [leturbr. BG] áreynsluastma". Þessu var vitaskuld þveröfugt farið eins og hinir „hlutlausu" og „háæruverðugu" dómendur staðfestu í dómi sínum eins og Birgir kýs að vitna til þeirra. Fyrir dóminn voru lögð læknisvottorð heimilislæknis umbjóðanda míns og sérfræðings í lungnasjúkdómum sem báðir höfðu annast hana næstliðin 4 ár. Í þeim var sjúkrasaga hennar rakin og sjúkdómsgreiningin astma og áreynsluastma staðfest, m.a. á grundvelli þess að aðrar orsakir voru útilokaðar með skoðun og prófunum.

**Það væri sjálfsagt hægt að gera lengra mál úr því að reyna að skilja hvernig Birgir Guðjónsson umgengst sannleikann, niðurstöður dóma og samferðarmenn sína. Þar gætu ýmsir orðið til frásagnar því það var ótrúlegt að verða vitni að því á sínum tíma hvernig Birgir kom fram við marga félaga sína innan ÍSÍ.**

## FIBA

Magnað er að heyra þá lýsingu Birgis að hann hafi af góðmennsku sinni verið búinn að semja við Alþjóðakörfuknattleikssambandið FIBA um „mildari dóm en 2 ár og missi marga titla", auk þess sem hann upplýsir að „viðkomandi alþjóðasérsambönd hafa endanlega lögsögu í lyfjabrotum innan íþróttar sinnar". Fyrir utan hvað það er fráleitt að ákærandi láti sér detta í hug að yfirhöfuð sé hægt að semja um refsingar með þessum hætti eins og dómstóllinn tók sjálfur fram að gefnu tilefni, er rétt að halda því til haga að Birgir „bauð" ekkert minna fram eins og ég lýsti í fyrri grein minni – og til að fyrirbyggja allan misskilning hafði umbjóðandi minn vitaskuld engan áhuga á slíkum marklausum samningum, sama hvers efnis væru.

Tilvitnun ákærandans fyrrverandi til lögsögu FIBA er eiginlega grátbrosleg líka í ljósi eina innleggs FIBA í málið. Það var tölvupósturinn umtalaði frá Francoise Jascinski, aðstoðarmanni forseta FIBA, til Birgis sjálfs eftir einhver fyrri samskipti, dags. 30. apríl 2001 og ritaður á ensku: Eftir að Hr. Jascinski vísar til og útskýrir viðeigandi ákvæði í þágildandi reglum sem áttu við um umrætt innöndunarlyf við astma, þ.e. „2000 FIBA Internal Regulations", segir hann síðan í lauslegri þýðingu greinarhöfundar:

„Leikmaður getur lagt fram klíníska réttlætingu a posteriori ([lat. eftir á] eftir að niðurstaða lyfjaprófs liggur fyrir). Ef hann getur sannað með læknaskýrslu að hann hafi tekið [lyfið] við sínum astma, er niðurstaðan engin refsing."

Í fyrri grein minni var því áður lýst í meiri smáatriðum hvernig Birgir stökk á fætur þegar afrit af þessum tölvupósti voru lögð fyrir dóminn í þinghaldinu og gerði sig líklegan til að hrifsa þau af borðum dómenda því efnið rímaði heldur illa við málflutning ákærandans svo vægt sé til orða tekið – þvílíkur óheiðarleiki.

## Mál að linni

Það væri sjálfsagt hægt að gera lengra mál úr því að reyna að skilja hvernig Birgir Guðjónsson umgengst sannleikann, niðurstöður dóma og samferðarmenn sína. Þar gætu ýmsir orðið til frásagnar því það var ótrúlegt að verða vitni að því á sínum tíma hvernig Birgir kom fram við marga félaga sína innan ÍSÍ. Mál umbjóðanda míns var einungis eitt af nokkrum þar sem hann fór offari eins og fréttir og blaðaskrif frá þessum tíma bera glöggt vitni.

Hér skal þó látið staðar numið og mun ég ekki standa í frekara orðaskaki við Birgi Guðjónsson á síðum Fréttablaðsins um mál sem ráðið var til lykta fyrir 16 árum síðan, lesendur blaðsins hafa sjálfsagt fengið nóg rétt eins og ég. Leyfi mér þó að lokum að setja fram þá frómu ósk að umbjóðandi minn fái nú að endingu frið fyrir frekari árásum hans og að sá dagur muni renna upp að Birgir læri að virða dómsniðurstöðuna frá 2001 eins og allir aðrir sem að málinu komu.

www.ils.is 569 6900 8–16

**Málþing um hagkvæmar íbúðir**

Íbúðalánasjóður

Leitast verður við að svara því hvernig byggja megi sem flestar íbúðir með þeim fjármunum sem ríkið leggur til í stofnframlög.

**Dagskrá**

**Krafa um hagkvæmni við úthlutun stofnframlaga**
Hrafnhildur Sif Hrafnsdóttir, markaðsstjóri Íbúðalánasjóðs

**Lóðaframboð og lóðaverð**
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

**Byggingarkostnaður**
Guðmundur Sigfinnsson, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði

**Færanleg snjallhús til að leysa bráðavanda í Stokkhólmi**
Claes Eliasson, Junior Living

**Bygging hagkvæmra íbúða**
- **Hagkvæmar íbúðir í Urriðaholti**
Þórarinn Ævarsson, IKEA
- **Forsteyptar einingalausnir**
Andrés Konráðsson, Loftorka
- **Snjallhús**
Óskar Jónasson, EcoAtlas
- **Trefjaeiningar**
Regin Grímsson, Fibra-hús
- **Hagkvæm íbúðarhús úr steinullareiningum og límtré**
Dennis Davíð Jóhannesson og Hjördís Sigurgísladóttir, arkitektar FAÍ
- **Snjallar lausnir**
Þorvaldur Gissurarson, ÞG verktakar

**Lokaorð**
Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnisstjóri Byggingarvettvangs

**Fundarstjóri er Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði**

**Staður**
Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21.
**Stund**
Fimmtudaginn, 30. mars, kl. 13–16.

**Skráning á ils.is.**

BVV
Byggingavettvangurinn

Tree Of Life



Otikon™
Eyrnadropar við verk og bólgu

Við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu
- Hjálpar einnig við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni
- Hentar börnum
- Gefið sem úði, auðvelt í notkun
- 100% náttúruleg innihaldsefni
- 15 ml glas




www.apotekarinn.is
Apótekarinn+ - lægra verð

# Mugabe, ósagan og stjórnarskráin



Pétur Hrafn Árnason
sagnfræðingur

Hinn 23. mars síðastliðinn birtist í Fréttablaðinu grein eftir Þorvald Gylfason með fyrirsögninni „Ósaga Íslands 1909-2009“. Þar er farið mjög hörðum orðum um undirritaðan og ritgerð hans „Frá herra Cable til doktor Franeks – saga Íslands 1919-2009“ í bindinu Saga Íslands XI. Skrif Þorvaldar eru ekki rituð af þeirri stillingu sem þyrfti að einkenna uppbyggilega umræðu um eins eldfimt efni og samtímasögu þjóðar okkar en fullyrðingar hans eru engu að síður slíkar að ekki verður hjá því komist að svara þeim. Raunar er tónninn í túlkun Þorvaldar sleginn strax í upphafi þar sem segir: „Sumar ritsmíðar birtast undir svo fráleitum fyrirsögnum að yfirskriftin dæmir textann beinlínis úr leik.“ Ummælin hitta hann sjálfan þar sem fyrirsögnin „Ósaga Íslands 1909-2009“ bendir ekki til að hann hafi kynnt sér raunveruleg efnistök ritsmíðarinnar.

### Eldfimar fyrirsagnir

Upplegg Þorvaldar er að hún endurspegli söguskoðun „í þágu ráðandi hagsmuna á stjórnmálavettvangi“ og að reynt sé að kenna útlendingum um allt það sem misfarist hafi í hagstjórn því „þannig tala þjóðernisöfgamenn og hafa ætíð gert til að kynda undir tortryggni í garð útlendinga“. Titill ritgerðarinnar er honum þar mikill eldsmatur því þá sé haldið fram að hagfræðingurinn Franek Rozwadowski – og þar með Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn – hafi verið með óeðlileg afskipti af Íslandi. Þessi nálgun er makalaus þar sem hvergi er haldið öðru fram á síðum bókarinnar en að hann og AGS hafi verið hér í boði stjórnvalda og honum „ætlað að hafa umsjón með lánveitingum sjóðsins til Íslands“. Heitið vísar eingöngu, eins og sjá má af fyrsta kafla og hinum síðasta, til þess að 90 ára tímabilið afmarkast á skondinn hátt af brottför breska konsúlsins Erics Cable 1919 (þegar síðasta bindi Sögu Íslands lauk) og komu Rozwadowskis inn í hringiðu íslenskrar stjórnmálasögu 2009. Ekki er á neinn hátt verið að bera þessa einstaklinga saman.

### Pólitískir palladómar

Nú vill svo til að undirritaður er hjartanlega sammála Þorvaldi um að hvers kyns nálgun á hrunið 2008 í anda „umsáturskenninga“ sé með öllu fráleit og síst til þess fallin að Íslendingar læri af mistökunum. Því er tíunduð sú óráðsía sem einkenndi öndverða 21. öldina og eins hvernig innlendir eftirlitsaðilar og stjórnvöld sváfu á verðinum. Söguritari verður hins vegar að fara varlega í að endurspegla persónulega skoðun sína í texta sem á að veita yfirsýn eins hlutlaust og hægt er að gera kröfu um. Aðrir draga svo sínar ályktanir af staðreyndunum. Þorvaldur myndar sér skoðun af fyrirsögn ritsmíðarinnar og fellur í þá gryfju að stimpla nálgun á alla viðkvæmustu þætti íslenskrar samtímasögu sem þjóðernisöfgar hliðhollar stjórnvöldum. Þá er einkum tiltekið að ekki beri á nógu gagnrýnni umræðu um áhrif erlendrar hersetu (las hann t.d. kaflann um stofnun Íslenskra aðalverktaka?) og kvótakerfið í sjávarútvegi. Víða er þó tíundað ósætti um fiskveiðistjórnunina en fræðirit getur ekki dylgjað, líkt og Þorvaldur, að Hæstiréttur láti undan þrýstingi frá ráðamönnum í dómum í kvótamálum. Pólitískur hiti Þorvaldar er í raun slíkur að hann gagnrýnir undirritaðan fyrir að dirfast að minnast á hinn hægrisinnaða Eimreiðarhóp frá 8. áratugnum án þess að telja upp hve stór hluti hans hafi síðar komist í kast við lögin.

Slíkur gassagangur er síður en svo óviðeigandi í pólitískri umræðu í kjallaragreinum dagblaða. Verra er þegar vígfimir bardagamenn á því sviði ásaka fræðimenn um að aðhyllast ekki sambærilega nálgun og séu þá handbendi tiltekinna afla. Verst er þegar þeir hafa svo ekki fyrir því að kynna sér efnið á yfirvegaðan hátt áður en þeir stinga niður penna. Þá er mikilvægt að lesa lengra en fyrirsagnirnar sem þurfa ekki að veita tæmandi lýsingu á efnistökum. Það ætti Þorvaldur Gylfason sjálfur að vita manna best því ólíklegasta yfirskrift sumra pistla hans, allt frá Brexit, Trump, Robert Mugabe og þrælastríðinu 1861-65, er í raun prologus þess – líkt og greinin „Ósaga Íslands 1909-2009“ – að harma afdrif stjórnarskrárfrumvarps á Íslandi.

> **Slíkur gassagangur er síður en svo óviðeigandi í pólitískri umræðu í kjallaragreinum dagblaða. Verra er þegar vígfimir bardagamenn á því sviði ásaka fræðimenn um að aðhyllast ekki sambærilega nálgun og séu þá handbendi tiltekinna afla. Verst er þegar þeir hafa svo ekki fyrir því að kynna sér efnið á yfirvegaðan hátt áður en þeir stinga niður penna.**

# Opið bréf til stjórnar Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands



Helgi Ingólfsson
framhaldsskólakennari

Þann 12. feb. sl. sendi ég erindi með fyrirspurnum til Sjúkrasjóðs KÍ og þann 8. mars sl. sendi ég ítrekun á erindi mínu. Þar sem ég hef ekki verið virtur svars vil ég reyna enn á ný og nú á opinberum vettvangi. Vísa ég fyrirspurnum mínum til allrar stjórnar Sjúkrasjóðs, en erindið er eftirfarandi:

Sem félagi í FF, með aðild að sjúkrasjóði KÍ, leikur mér forvitni á að vita um meðferð fjármuna, sem á sínum tíma eiga að hafa verið hluti iðgjalds frá Tækniskóla Íslands til Vísindasjóðs FF og FS, líklega á árunum 2010 og 2011, en eiga á óútskýrðan máta, fyrir meint mistök varðandi tölvuhugbúnað, að hafa „varpast“ yfir í Sjúkrasjóð KÍ og setið þar, uns þeir voru endurheimtir af formanni FF, Guðríði Arnardóttur, í sept.-nóv. 2016 og lagðir inn á biðreikning FF í Íslandsbanka, að sögn formanns FF.

Til frekari útskýringar vil ég hér vitna til ummæla í bréfi undirrituðu af formanni FF, Guðríði Arnardóttur, sem sent var út undir yfirskriftinni „Greinargerð frá formanni um málefni Vísindasjóðs FF og FS“ til fundarfulltrúa svokallaðs „auka-aðalfundar FF“ fáum dögum fyrir þann fund sem haldinn var 7. nóv. 2016 (bréfið er ódagsett, en líklega sent út til fundarmanna 3. eða 4. nóvember). Í greinargerðinni segir formaður FF, Guðríður Arnardóttir, orðrétt á bls. 5, undir feitletraðri fyrirsögn „0,22% – týnda framlag Tækniskólans“:

„Eins og bent hefur verið á réttilega skiluðu 0,22% af framlögum Tækniskólans sér ekki til Vísindasjóðs á tilteknu tímabili. Þetta kom fram við skoðun gagna frá þeim tíma. Mér vitanlega var aldrei reynt að hafa samband við Kennarasamband Íslands að leita skýringa heldur var þetta hluti af kæru sjóðsstjórnar til lögreglu og var stjórn FF ekki upplýst um það.

Þegar mér varð kunnugt um málið í haust hringdi ég í skólameistara Tækniskólans og fjármálastjóra, var í sambandi við forritara DK kerfisins og endurskoðandi Kennarasambandsins fór yfir færslur frá þeim tíma. Á þremur dögum fannst skýringin en fyrir mistök hafði forritun hjá DK hugbúnaði varpað þessum 0,22% í sjúkrasjóð. Reyndar var á þessum tíma talsvert um villur hjá Tækniskólanum og fannst sambærileg villa í hina áttina, ofgreiðslur í Vísindasjóð. Þetta liggur nú fyrir og hefur verið leiðrétt. Upphæðin var að minni tillögu lögð inn á biðreikning FF hjá Íslandsbanka.“

Í ljósi þessara orða formanns FF langar mig sem sjóðsfélagi í Sjúkrasjóði KÍ, félagi í FF og KÍ og einn eigandi að Vísindasjóði FF og FS að spyrja stjórn Sjúkrasjóðs KÍ um eftirfarandi:

1. Er ykkur í stjórn Sjúkrasjóðs KÍ kunnugt um að fjármunir, sem á árunum 2010-11 áttu að lenda í vörslu Vísindasjóðs FF og FS, hafi lent inni í Sjúkrasjóði KÍ?
2. Ef svo er, hvenær var ykkur kunnugt um það?
3. Ef svo er, um hversu háa fjárhæð var þá að ræða? Og ef svo er, kom hvergi fram í bókhaldi Sjúkrasjóðs KÍ á árunum 2010-16 að óeðlilega mikið kynni að vera í sjóðnum sem næmi þessu umframfjárframlagi?
4. Hafði einhver samband við ykkur í stjórn Sjúkrasjóðs KÍ eða við einhvern stjórnarmann á einhverjum tímapunkti núverandi stjórnar, vegna þessara fjármuna, sem ranglega eiga að hafa verið lagðir inn í Sjúkrasjóð KÍ?
5. Ef svo er, hver hafði þá samband vegna þeirra meintu mistaka og hvenær?
6. Hefur einhver fjárhæð verið endurgreidd úr Sjúkrasjóði KÍ vegna meintra mistaka af ofangreindum toga?
7. Ef það var formaður FF, sem sótti féð í hendur Sjúkrasjóðs KÍ, var þá gengið úr skugga um að fjárhæðin yrði endurgreidd til lögmætra og réttmætra vörsluaðila sem upphaflega áttu að fá féð?
8. Ef fjárhæð var endurgreidd úr Sjúkrasjóði KÍ, hve há var hún, hvenær var hún greidd, inn á hvaða reikning og til hvaða vörsluaðila?
9. Hefur Sjúkrasjóður KÍ undir höndum kvittanir eða færsluyfirlit fyrir innlögn fjárins: a) Inn í reikning Vísindasjóðs FF og FS?; eða b) Inn á annan reikning, og þá í umsjá hvers og samkvæmt fyrirmælum hvers? Hafi féð verið flutt úr Sjúkrasjóði KÍ yfir á annan reikning, hvaða dag fór þá sú millifærsla fram? (Hér vil ég nefna að dagsetning gæti skipt máli hvort féð hafi verið lagt inn á réttmætan aðila.)
10. Kannast stjórn Sjúkrasjóðs KÍ, í heild eða sem einstaklingar, að öðru leyti við samskipti við formann FF út af umræddum fjármunum? Ef svo er, í hverju hafa þau samskipti þá verið fólgin?

Með fyrirfram þökk og ósk um nákvæm og greinargóð svör.

> **Hefur einhver fjárhæð verið endurgreidd úr Sjúkrasjóði KÍ vegna meintra mistaka af ofangreindum toga?**





CHIRO UNIVERSE




Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGARTILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

# Stöðvum eiturfrumvarpið!



**Sigurbergur Sveinsson**
kaupmaður í Fjarðarkaupum

Íslendingar eru dugleg þjóð sem hefur komist af í þúsund ár í harðbýlu landi. Við erum tarnafólk og getum státað af ótrúlegum afrekum, allavega miðað við höfðatölu. Samkvæmt niðurstöðum nýrrar evrópskrar heilsufarsrannsóknar drekkum við til dæmis áfengi sjaldnar en ýmsar þjóðir sem við höfum borið okkur saman við en við drekkum meira í hvert sinn.

Sem sagt: Þegar við drekkum þá dettum við í það, eins og það er kallað. Og þetta gerum við þrátt fyrir að við þurfum að fara í sérstakar búðir, sem eru meira að segja lokaðar á sunnudögum, til þess að sækja eitrið – því etanól, virka efnið í áfengi, er að mínu viti eitur og getur valdið eitrunaráhrifum. Ekki þarf að deila um það. Maður skyldi ætla að það ætti engu að síður að duga íslensku „afreksfólki" í áfengisneyslu. En nei. Betur má ef duga skal og nú hafa nokkrir alþingismenn, fulltrúar okkar á elsta löggjafarþingi heims, ákveðið að eitra enn frekar fyrir þjóðinni og hafa áfengið aðgengilegt 24/7 – allan sólarhringinn, allan ársins hring. Og það þrátt fyrir að fólk sem starfar með áfengis- og vímuefnafíklum hafi jafnvel skilgreint áfengið sem hættulegasta vímuefnið eins og starfskona í Konukoti gerði nýverið í útvarpsviðtali.

**En fyrst og fremst er ég á móti afnámi einkasölu vegna þess að ég vil ekki rýmka hömlur á sölu á vanabindandi vímu- og fikniefnum alveg á sama hátt og við takmörkum hámarkshraða vélknúinna ökutækja til að vernda heilsu og líf fólks. Algjört frelsi getur aldrei orðið mannlegu samfélagi til góðs.**

Þetta þykir undirrituðum undarleg aðferðafræði til þess að koma enn meira áfengi ofan í þjóðina. Víst er að stór hluti hennar hefur ágæta stjórn á neyslu sinni. En nú verð ég að færa flutningsfólki eiturfrumvarpsins allmerkileg tíðindi: Áfengi er vímu- og fikniefni, ólíkt matvöru. Þau rök að það sé matvara eru því endemis rugl. Við höfum til dæmis sérstakar verslanir fyrir lyf sem selja ávanabindandi efni til þess að takmarka notkun þeirra. Það eru lyfjaverslanir. Vínbúðir ÁTVR falla að mínu mati að vissu leyti í sama flokk. Og þar sem löglegt er að selja vímuefnið áfengi þá þykir mér því ágætlega fyrir komið undir merkjum einkasölu á vegum ríkisins með viðeigandi takmörkunum. Enda hafa verslanir ÁTVR staðið sig með afbrigðum vel. Það skal tekið fram að ég neyti sjálfur áfengis en tel mig hafa ágæta stjórn á því og hef því marktæka reynslu af viðskiptum við verslanir Ríkisins. Ég er ánægður með þjónustu og úrval þar og vil ekki breyta því fyrirkomulagi.

Ég hef áður bent á hættuna á að með því að einkasala ÁTVR á áfengi verði afnumin skapist umtalsverð hætta á því að stórar verslanakeðjur nái algjörum yfirráðum á þessum markaði. Þær munu að mínu mati velja þær tegundir sem viðskiptavinirnir fá þá að kaupa og stjórna verðlagi. Þetta tel ég að verði til þess að úrval minnki og verð hækki. Það eru ekki góð skipti frá því sem nú er. Hið nýja fyrirkomulag myndi líka reynast smærri innlendum framleiðendum afar þungt í skauti. Þeir geta nú átt samskipti við einn aðila um sölu á vörum sínum innanlands en með afnámi einkasölu ÁTVR verða þeir undir þá sök seldir að þurfa að semja við hina og þessa smásöluaðila um að koma vöru sinni á framfæri og geta líka þurft að sætta sig við verðlagningu sem jafnvel dugir ekki fyrir framleiðslukostnaði. Að öðrum kosti skuli þeir hypja sig á brott með vöru sína úr viðkomandi verslun. Og það sem verra gæti verið; viðkomandi verslanakeðju. Og þá er voðinn vís fyrir ýmsa innlenda framleiðslu.

En fyrst og fremst er ég á móti afnámi einkasölu vegna þess að ég vil ekki rýmka hömlur á sölu á vanabindandi vímu- og fikniefnum alveg á sama hátt og við takmörkum hámarkshraða vélknúinna ökutækja til að vernda heilsu og líf fólks. Algjört frelsi getur aldrei orðið mannlegu samfélagi til góðs. Ég tel að með því að halda núverandi fyrirkomulagi takist okkur að lágmarka áhættu án þess að hefta frelsi. Eiturfrumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi verður aldrei annað en lóð á örlagaskálar þeirra sem eiga á hættu að sökkva enn dýpra í hin sorglegu hyldýpi þess mannlega breyskleika sem ofneysla áfengis felur í sér.



# SPORT



Hörður Björgvin Magnússon setur boltann smekklega yfir írska varnarvegginn og skorar sitt fyrsta mark fyrir íslenska landsliðið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hörður tryggði fyrsta sigurinn

Glæsimark Harðar Björgvins Magnússonar tryggði Íslandi sigur á Írlandi í vináttulandsleik á Aviva-vellinum í Dublin í gær. Sigur Íslands var sanngjarn.

**FÓTBOLTI** Ísland vann 0-1 sigur á Írlandi á Aviva-vellinum í Dublin í gær, í fyrsta leik þjóðanna í 20 ár. Þetta var jafnframt fyrsti sigur Íslands á Írlandi en hann kom í áttundu tilraun.

Eina mark leiksins kom á 20. mínútu. Kjartan Henry fiskaði þá aukaspyrnu rétt fyrir utan teig. Venjulega kemur það í hlut Gylfa Þórs Sigurðssonar að taka aukaspyrnur á þessum stað en þar sem Swansea-maðurinn var ekki með í gær steig Hörður Björgvin Magnússon fram.

Hann sveiflaði vinstri fætinum og setti boltann yfir varnarvegg Íra og í nærhornið, óverjandi fyrir Keiren Westwood, markvörð heimamanna. Glæsilegt mark og það fyrsta hjá Herði Björgvini fyrir íslenska landsliðið.

Heimir Hallgrímsson gerði átta breytingar á byrjunarliðinu frá sigrinum á Kósóvó á föstudaginn. Birkir Már Sævarsson, Ragnar Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson voru þeir einu sem héldu sætum sínum í byrjunarliðinu.

Leikurinn í gær var heldur rislítill og lítið fyrir augað. Færin voru engin og boltinn var mikið í loftinu.

Sigur Íslands var þó sanngjarn á erfiðum útivelli. Holningin á íslenska liðinu var góð og varnarleikurinn til mikillar fyrirmyndar. Jón Daði Böðvarsson og Kjartan Henry Finnbogason voru afar vinnusamir í fremstu víglínu og kantmennirnir Rúrik Gíslason og Aron Sigurðarson voru duglegir að hjálpa bakvörðunum. Aron átti líka ágætis spretti í fyrri hálfleik en minna fór fyrir Rúrik þegar íslenska liðið var með boltann.

> Þetta var fyrsti sigur Íslands á Írlandi, í áttundu tilraun. Írar unnu fimm af fyrstu sjö leikjum þjóðanna.

Sóknarleikur Íranna var einhæfur en það eina sem þeir buðu upp á voru endalausar fyrirgjafir sem íslensku miðverðirnir réðu vel við. Sverrir Ingi Ingason var gríðarlega öflugur og spilaði sinn besta landsleik til þessa.

Líkt og í leiknum gegn Kósóvó gekk Íslandi heldur illa að halda boltanum innan liðsins. Þó brá fyrir einstaka samleiksköflum í fyrri hálfleik, þótt þeir hefðu mátt vera fleiri.

Það var meiri kraftur í Írunum í seinni hálfleik en þeir ógnuðu ekki neitt. Bæði vantaði hugmyndaauðgi í sóknarleik þeirra og þá varðist íslenska liðið mjög vel. Til marks um það átti Írland ekki eitt einasta skot á íslenska markið í leiknum.

Heimir Hallgrímsson getur vel við unað eftir landsleikina tvo í vikunni. Báðir unnust þeir og varnarleikurinn í þeim var sterkur. Sóknarleikur íslenska liðsins hefur þó oft verið betri. ingvithor@365.is







## Nýjast

**Vináttulandsleikur í fótbolta**

**Írland - Ísland 0-1**

**Mörkin:** 0-1 Hörður Björgvin Magnússon (20.).

**Lið Íslands:** Ögmundur Kristinsson - Birkir Már Sævarsson (84. Viðar Ari Jónsson), Sverrir Ingi Ingason, Ragnar Sigurðsson (51. Hólmar Örn Eyjólfsson), Hörður Björgvin Magnússon - Rúrik Gíslason (87. Ari Freyr Skúlason), Aron Einar Gunnarsson, Ólafur Ingi Skúlason (79. Arnór Smárason), Aron Sigurðarson (65. Elías Már Ómarsson) - Kjartan Henry Finnbogason (71. Óttar Magnús Karlsson), Jón Daði Böðvarsson.

**Domino's-deild kvenna**
***Undanúrslit leikur 1***

**Snæfell - Stjarnan 93-78**

**Stigahæstar:** Aaryn Ellenberg 42/14 fráköst/6 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13/5 fráköst/5 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 12/6 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 11/6 fráköst - Danielle Victoria Rodriguez 18/9 stoðsendingar, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 14/4 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 14/9 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 13/6 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 9/9 fráköst.

**BREIÐABLIK UPP?**
Þór Ak. jafnaði metin í einvíginu við Breiðablik um sæti í Domino's deild kvenna á næsta tímabili með 61-70 sigri í Smáranum í gær. Liðin þurfa að mætast í oddaleik á Akureyri á föstudaginn. Sigurvegarinn í þeim leik tryggir sér sæti í Domino's-deildinni.



**FH EINA TOPPLIÐIÐ MEÐ ÖRLÖGIN Í EIGIN HÖNDUM**
Heil umferð fer fram í Olís-deild karla í kvöld og þar á meðal er leikur Hafnarfjarðarliðanna Hauka og FH. ÍBV, FH og Haukar eru öll með 33 stig á toppi deildarinnar þegar aðeins tveir leikir eru eftir. FH er, vegna innbyrðisviðureigna, eina af þeim þremur með örlögin í eigin höndum. Haukar og ÍBV þurfa líka að treysta á önnur úrslit til að vinna deildarmeistaratitilinn en FH nægir að vinna báða leiki sína.

**SÚ FYRSTA MEÐ FIMM LIÐUM Í ÚRSLITAKEPPNI KVENNA**
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir setur nýtt met í kvöld þegar hún spilar með Skallagrími í fyrsta leik kvennaliðs félagsins í úrslitakeppni. Sigrún verður þá sú fyrsta sem spilar með fimm félögum í úrslitakeppni kvenna en hún hefur áður spilað með Haukum, KR, Hamri og Grindavík. Hún bætir met Hönnu B. Kjartansdóttur sem Sigrún jafnaði sem leikmaður Grindavíkur í fyrra. Hanna lék í úrslitakeppni með Keflavík, Breiðabliki, KR og ÍS en aldrei þó með Haukum, uppeldisfélagi hennar.



## Í dag

**19.05 Keflavík - Skallagrím.** Sport

**Domino's- kvenna, undanúrslit, L1**
**19.15 Keflav. - Skallagrím.** Keflavík

**Olís-deild karla í handbolta**
**18.00 ÍBV - Akureyri** Eyjar
**19.30 Fram - Afturelding** Safamýri
**19.30 Haukar - FH** Ásvellir
**19.30 Grótta - Stjarnan** Seltj.nes
**19.30 Selfoss - Valur** Selfoss

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. mars 2017 | 12. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









MYND/ANTON BRINK

# Varð af milljörðum við sölu í Kaupþingi

**Rúmlega 6% hlutur í Kaupþingi sem Seðlabankinn seldi vogunarsjóðum í nóvember 2016 hækkaði í virði um 4 til 5 milljarða tveimur mánuðum síðar. Kaupendur voru sömu sjóðir og eru eigendur Arion. Gengi bréfa rauk upp eftir 50 milljarða greiðslu frá Deutsche í janúar.**

»4



»2

## Skyr MS í New York

Mjólkursamsalan og aðrir eigendur Icelandic Provisions hófu framleiðslu á skyri í New York í síðasta mánuði. Selt í 3.300 verslunum.

»2

## Ræða samstarf

Fjárfestarnir Sigurður Gísli Pálmason og Vilhjálmur Þorsteinsson funduðu um síðustu helgi um mögulegt samstarf Fréttatímans og Kjarnans.

»8

## Herská ummæli



„Það má vera að athyglin sé mikil á Donald Trump og Seðlabanka Bandaríkjanna en við megum aldrei hunsa það sem næststærsti seðlabanki í heimi gerir.“




# Hluthafar ræddu samstarf Kjarnans og Fréttatímans


Sigurður Gísli Pálmason, hluthafi í útgáfufélagi Fréttatímans

Sigurður Gísli Pálmason, hluthafi í útgáfufélagi Fréttatímans, og Vilhjálmur Þorsteinsson, einn eigenda Kjarnans, funduðu samkvæmt heimildum Markaðarins um síðustu helgi og ræddu mögulegt samstarf fjölmiðlanna tveggja. Fjárfestarnir vildu ekki tjá sig um gang viðræðnanna þegar blaðamaður náði tali af þeim eða hvort stefnt sé að sameiningu miðlanna.

„Ég get nú ekkert gefið neitt komment á það. Auðvitað eru menn alltaf að velta fyrir sér fjölmiðlabransanum og stöðu hans og horfum. Það þarf ekkert endilega að vera meira en það en ég ætla svo sem ekki að gefa neinn ádrátt um eitthvað meira en það,“ sagði Vilhjálmur.

Dexter fjárfestingar ehf., í eigu Sigurðar Gísla, á 29 prósenta hlut í Morgundegi, útgáfufélagi Fréttatímans. Vilhjálmur er annar stærsti hluthafi Kjarnans Miðla ehf. með 15,98 prósent í gegnum félag sitt Miðeind ehf.

**Ég get nú ekkert gefið neitt komment á það. Auðvitað eru menn alltaf að velta fyrir sér fjölmiðlabransanum og stöðu hans og horfum.**

Vilhjálmur Þorsteinsson, einn eigenda Kjarnans



Eigendur Fréttatímans hafa síðan í janúar stefnt að stofnun Frjálsrar fjölmiðlunar, félags sem leitar til almennings um stuðning við frjálsa og óháða blaðamennsku. Hlutafé Kjarnans var aukið lítillega í apríl í fyrra þegar hjónin Guðmundur Hafsteinsson og Edda Hafsteinsdóttir bættust í eigendahópinn. Hluthafar Kjarnans eru ellefu talsins og er Hjálmar Gíslason, stofnandi Datamarket og stjórnarformaður Kjarnans, stærsti eigandi fjölmiðilsins með 16,55 prósent í gegnum félag sitt HG80 ehf. Auk Sigurðar Gísla á Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttatímans, 46 prósenta hlut og Valdimar Birgisson, framkvæmdastjóri blaðsins, 25 prósent. **– hg / hae**

# Telja að fjölgun túrista muni dragast saman

Ísland stefnir í að verða dýrasta land í heimi samkvæmt nýrri Hagspá Arion banka sem kynnt verður í dag. Auknar vísbendingar eru um að sterkt gengi krónunnar sé farið að hafa áhrif á ferðamenn og því hefur greiningardeild Arion banka endurmetið ferðamannaspá sína fyrir 2018 og 2019 og spáir minni vexti í fjölda ferðamanna en áður.

Í Hagspánni er spáð að erlendum gestum um Keflavíkurflugvöll fjölgi um 26 prósent á þessu ári en svo 7 prósent á næsta ári og 5 prósent 2019. Gengi krónunnar hefur styrkst gagnvart öllum helstu myntum undanfarin misseri. Styrkingin nemur 15 til 45 prósentum frá árinu 2013. Verðlag í evrum talið hefur á Íslandi hækkað um 60 prósent umfram verðlag í öðrum löndum frá 2010. **– sg**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




Skrifstofa Icelandic Provisions er á 19. hæð skýjakljúfs við Broadway í fjármálahverfi Manhattan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skyr MS og fjárfesta framleitt í New York

**Icelandic Provisions hóf framleiðslu á skyri í uppsveitum New York í febrúar. Selt í 3.300 verslunum og stefnt að frekari útbreiðslu. Mjólkursamsalan og fjárfestarnir Hallbjörn Karlsson og Davíð Freyr Albertsson eru í hluthafahópnum.**

Mjólkursamsalan (MS) og aðrir eigendur Icelandic Provisions Inc. hófu framleiðslu á skyri fyrir Bandaríkjamarkað í uppsveitum New York í síðasta mánuði. Rétt tæplega 20 milljóna dollara, jafnvirði um 2,2 milljarða króna, hlutafjársöfnun bandaríska fyrirtækisins lauk um síðustu áramót og er skyrið nú selt í 3.300 verslunum vestanhafs.




Skyrið fæst í sjö bragðtegundum.

Sala á skyri Icelandic Provisions í Bandaríkjunum hófst fyrir rúmu ári. Skyrið var þá flutt út frá afurðastöð MS á Selfossi en er nú framleitt í bænum Batavia. MS á 18 prósenta hlut í bandaríska fyrirtækinu en hluthafahópurinn samanstendur einnig af fjárfestingarsjóðnum Polaris Founders Capital í Boston og fimmtán íslenskum einkafjárfestum. Fjárfestarnir Hallbjörn Karlsson og Davíð Freyr Albertsson eru í þeim hópi og sitja í stjórn Icelandic Provisions ásamt Ara Edwald, forstjóra MS, og fulltrúum Polaris.

**En við gerum ráð fyrir að fjöldi verslana meira en tvöfaldist á þessu ári.**

Ari Edwald, forstjóri MS og stjórnarmaður í Icelandic Provisions Inc.



„MS hefur um þó nokkuð skeið selt skyr í Bandaríkjunum undir eigin merki í takmörkuðum fjölda verslana. Það var alltaf markmiðið að færa framleiðsluna til Bandaríkjanna þegar salan færi á skrið og þetta hefur farið mjög vel af stað en upphaflega stóð til að þessi flutningur á framleiðslunni myndi eiga sér stað í júlí á þessu ári,“ segir Ari Edwald í samtali við Markaðinn.

Icelandic Provisions seldi að sögn Ara um 500 tonn af skyri í fyrra. Til samanburðar framleiðir MS 2.500 til 3.000 tonn fyrir innanlandsmarkað á ári.

„Þetta eru ekki stórar heildartölur enn sem komið er miðað við stærð bandaríska markaðarins. En við gerum ráð fyrir að fjöldi verslana meira en tvöfaldist á þessu ári. Sérfræðingar frá Mjólkursamsölunni komu framleiðslunni af stað í samvinnu við starfsmenn Icelandic Provisions. Skyrið er framleitt með okkar aðferðum og okkar gerli.“

Um er að ræða skyr með sjö mismunandi bragðtegundum. Það er selt í verslunum á borð við Whole Foods á austurströndinni og Safeway á vesturströnd Bandaríkjanna. Vinsældir skyrs þar í landi hafa aukist mikið síðustu ár og eins og kom fram í viðtali Markaðarins við Sigurð Kjartan Hilmarsson, stofnanda The Icelandic Milk and Skyr Corporation í New York, í síðustu viku er varan Siggi's Skyr nú seld í 25.000 verslunum vestanhafs.

„Það er augljóslega áhugi á skyrinu, og markaðurinn er stór, og okkar vöru hefur verið mjög vel tekið,“ segir Ari.

**haraldur@frettabladid.is**







Brimborg | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

## Tíu stærstu hluthafar Kaupþings

**Taconic Capital** 39,7%

**Och-Ziff Capital** 14%

**Attestor Capital** 1



Seðlabankinn seldi í nóvember í fyrra um 6% hlut sinn í Kaupþingi fyrir um 19 milljarða. Bréf Kaupþings hækkuðu í verði um liðlega 30 prósent tveimur mánuðum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Seðlabankinn varð af milljörðum

**Rúmlega 6% hlutur í Kaupþingi sem Seðlabankinn seldi vogunarsjóðum í nóvember 2016 hækkaði í virði um milljarða tveimur mánuðum síðar. Kaupendur voru sömu sjóðir og eru eigendur Arion. Gengi bréfa rauk upp eftir 50 milljarða greiðslu frá Deutsche í janúar.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Rúmlega sex prósenta hlutur sem Seðlabanki Íslands seldi í Kaupþingi til vogunarsjóða í nóvember 2016 fyrir samtals um 19 milljarða hafði aðeins um tveimur mánuðum síðar hækkað í virði um 4 til 5 milljarða. Kaupendur bréfa Seðlabankans í Kaupþingi voru sömu sjóðir og eru núna komnir í eigendahóp Arion banka.

Eftir að Seðlabankinn hafði gengið frá sölu á öllum hlut sínum í Kaupþingi var tilkynnt í lok janúar um samkomulag í stóru ágreiningsmáli við Deutsche Bank þar sem þýski bankinn féllst að mestu á kröfur Kaupþings og greiddi yfir 400 milljónir evra, jafnvirði um 50 milljarða króna, í reiðufé til félagsins. Gengi krafna á hendur Kaupþingi rauk upp í kjölfarið um liðlega 30 prósent á eftirmarkaði og sá hlutur sem Seðlabankinn hafði skömmu áður selt frá sér hækkaði því um leið í virði um milljarða króna enda ljóst að endurheimtur hluthafa yrðu umtalsvert meiri en áður var áætlað.

Seðlabankinn segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að bankinn hafi ekki haft upplýsingar á þessum tíma um að Kaupþing hefði átt í viðræðum við fulltrúa Deutsche Bank um mögulegt samkomulag sem yrði til þess fallið að auka verulega virði þess hlutar sem hann átti í félaginu.

### Stærstu hluthafar keyptu

Kaupendur bréfa Seðlabankans í Kaupþingi voru, eins og lesa má út úr hlutahafaskrám Kaupþings frá því í nóvember sem Markaðurinn hefur undir höndum, að langstærstum hluta vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital. Sjóðirnir eru í hópi stærstu hluthafa Kaupþings – Taconic Capital er þar umsvifamestur með liðlega 40 prósent – og stóðu sem kunnugt er jafnframt að kaupum á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka, ásamt Och-Ziff Capital og Goldman Sachs, af Kaupþingi fyrir skemmstu.

Fyrir söluna á hlut sínum í Kaupþingi, sem bandaríski fjárfestingarbankinn Morgan Stanley var fenginn til að hafa umsjón með, var

### Virði vandræðaeigna Kaupþings




Seðlabankinn fjórði stærsti hluthafi félagsins.

Ekki fást upplýsingar hjá Kaupþingi um hvenær viðræður hófust við fulltrúa Deutsche Bank um að ljúka ágreiningsmálinu, sem snerist um viðskipti með skuldatryggingar Kaupþings á árunum fyrir 2008, með samkomulagi í stað þess að fá úr því skorið fyrir dómstólum en Kaupþing stefndi þýska bankanum fyrir íslenskum og breskum dómstólum 2012. Í svari við fyrirspurn Markaðarins segist Kaupþing „ekki geta tjáð sig um ferlið né niðurstöðu samkomulagsins, vegna trúnaðarákvæða í samningum, en miðað við viðbrögðin virðist tímasetning og fjárhæð samkomulagsins hafa komið hluthöfum á óvart“.

Þá bendir Kaupþing jafnframt á að rétt sé „að hafa í huga að mikil velta hefur verið á viðskiptum með skuldabréf og hlutabréf Kaupþings síðastliðið ár og talsverðar breytingar orðið á hópi stærstu hluthafa frá því að slitameðferð lauk“.

### Samkomulag í október?

Spurt hvort einhverjir hluthafa félagsins hafi verið upplýstir um að slíkt samkomulag við Deutsche Bank væri í burðarliðnum áður en það var tilkynnt hluthöfum í lok janúar svarar Kaupþing því til að frá ráðningu Pauls Copley í starf forstjóra í byrjun apríl 2016 hafi verið leitast við að ná samkomulagi í stærri ágreiningsmálum. Sú stefna hafi verið mörkuð til að auka vissu um endurheimtur, spara tíma og kostnað. „Hluthafar voru meðal annars upplýstir um stefnu félagsins í þessum efnum í kynningu sem fór fram í lok júní 2016 og er stefna Kaupþings hvað varðar stærri ágreiningsmál óbreytt,“ segir í svari Kaupþings.

Fram kemur í fjárfestakynningu Deutsche Bank á afkomu fyrir árið 2016, sem var birt 2. febrúar síðastliðinn, að samkomulag vegna ágreiningsmálsins við Kaupþing hafi verið frágengið í október í fyrra enda þótt bankinn hafi ekki upplýst um það fyrr en nærri þremur mánuðum síðar. Í svari til Markaðarins segist Kaupþing samt ekki geta

> **30%** hækkun varð á gengi bréfa Kaupþings í lok janúar þegar tilkynnt var um samkomulagið við Deutsche Bank.

# Fólk

MIÐVIKUDAGUR 29. MARS 2017

Viðburðir




MYND/GVA



Algengt er á Íslandi og víðar að foreldrar barna sem ekki eru í sambúð skipti forræðinu á milli sín. Ný rannsókn sýnir að börnum líður betur í þannig fyrirkomulagi.

fjölskyldan → 4




# Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Árleg alþjóðleg barnakvikmyndahátíð hefst á morgun í Bíói Paradís í Reykjavík. Norrænar kvikmyndir verða áberandi en fyrst og fremst verður fjölbreytnin í fyrirrúmi. Ókeypis er inn á opnunarhátíðina á morgun. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð hefst á morgun, fimmtudag, í Bíói Paradís í Reykjavík og stendur yfir til sunnudagsins 9. apríl. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin en hún fór fyrst fram árið 2013 og er fyrsta og eina kvikmyndahátíð sinnar tegundar hér á landi. Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri hjá Bíói Paradís, segir aðstandendur hátíðarinnar hafa fengið mikinn meðbyr og stuðning strax frá upphafi.

„Hlutverk kvikmyndahátíðarinnar er að bjóða börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra aðgang að áhugaverðum og vönduðum barna- og unglingakvikmyndum víðs vegar að úr heiminum sem annars væru ekki teknar til sýninga á Íslandi. Hátíðin eykur fjölbreytni í kvikmyndaflóru fyrir börn, eflir kvikmyndalæsi barna og unglinga og er tækifæri fyrir alla fjölskylduna að koma á metnaðarfulla viðburði og njóta dagskrár í hæsta gæðaflokki. Fjölskyldur hafa þannig tækifæri til að njóta áhugaverðra kvikmynda saman utan skólatíma þar sem yngsta kynslóðin fær að kynnast hugtakinu „kvikmyndahátíð“.“

## Norrænt þema

Í ár verður norrænt þema að sögn Ásu. „Við opnum hátíðina með Antboy 3, en Antboy er karakter sem börn eru farin að þekkja vel, auk þess sem danski leikstjórinn Ask Hasselbalch var gestur okkar á síðustu hátíð. Við munum einnig sýna fyrri tvær myndirnar, Antboy og Antboy og Rauða refsinornin.“

Af öðrum spennandi myndum nefnir Ása t.d. norsku ævintýramyndina Ævintýri á norðurslóðum, þar sem krakkar lenda í kröppum dansi við náttúruöflin, norsku ofurhetjumyndina Töffararnir, þar sem nördarnir í skólanum sigrast á hrekkjusvínunum og myndina Svalir krakkar gráta ekki, sem fjallar um unga stúlku sem elskar að spila fótbolta en veikist af hvítblæði. „Svo erum við með frábæra frumsýningu á sænsku myndinni Stelpan, mamman og djöflarnir, sem fjallar um unga stúlku sem býr með móður sinni sem þjáist af geðsjúkdómi.“

Fyrst og fremst verður þó fjölbreytnin í fyrirrúmi. „Við sýnum frábæra kvikmynd frá Eþíópíu um ungan strák og lambið hans, sérsýnum glænýja japanska teiknimynd, sýnum 40 ára afmælismynd Klaufabárðanna í fullri lengd, íslenskar kvikmyndir og klassík sem öll fjölskyldan hefur gaman af, t.a.m. E.T., The Wizard of Oz og The NeverEnding Story sem eru sýndar með íslenskum texta.“

Opnunarhátíðin á morgun, fimmtudag, verður vegleg og er ókeypis inn á hana. „Þá verður öllum boðið í Bíó Paradís kl. 17 þar sem töframaður tekur á móti börnunum og í kjölfarið verður Antboy 3 sýnd.“

## Margt í boði

Auk kvikmyndasýninga verður margt annað í boði á hátíðinni. „Við munum bjóða upp á pallborðsumræður í tilefni af frumsýningu sænsku myndarinnar Stelpan, mamman og djöflarnir, þar sem geðheilbrigðismál verða rædd og hvernig það er að vera barn sem á foreldri/a með geðsjúkdóma. Einnig ætlum við að bjóða upp á umræður eftir sýninguna á Svalir krakkar gráta ekki, um hvernig það er að vera ungur með krabbamein.“

Hilmar Sigurðsson mun halda fyrirlestur sem ber heitið „Hvernig verða tölvuteiknimyndir til?“ ásamt því að ræða nýjustu myndina sem hann vinnur að, Lói, þú flýgur aldrei einn. „Auk þess verður boðið upp á leiklistarnámskeið fyrir börn frá 9-12 ára þar sem þau læra hvernig á að undirbúa sig undir áheyrnarprufur fyrir kvikmyndir, undir styrkri stjórn Ólafs S.K. Þorvaldz leikara og leiklistarkennara. Tekið skal fram að skráning er í fullum gangi á námskeiðið en það verður haldið laugardaginn 1. apríl, kl. 10-12.“

Einnig verður boðið upp á sérstakar ókeypis skólasýningar ætlaðar þeim allra yngstu, skólabörnum og unglingastiginu. „Frítt er inn á skólasýningarnar og eru þær mikilvægur partur af Alþjóðlegri barnakvikmyndahátíð í Reykjavík.“

***Dagskrána í heild sinni má nálgast á heimasíðu Bíós Paradísar auk þess sem hátíðin er með Facebook-síðu með öllum upplýsingum (barnakvikmyndahátíð).***



Teiknimyndin My Life as a Courgette var tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár sem besta teiknimyndin.



Sword Art Online (Wakanim) er æsispennandi og glæný japönsk teiknimynd þar sem vélar og forrit ráða ríkjum í framtíðarveruleika leikjaveraldar.



Opnunarmyndin er Antboy 3, en Antboy er karakter sem börn eru farin að þekkja vel. Fyrri tvær myndirnar um Antboy verða einnig sýndar á hátíðinni.

Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

ENDALAUS GSM

365

365.is
Sími 1817

Hvaða leið hentar þér?

LEIÐ 1
✔ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✔ 0 GB gagnamagn
790kr.

LEIÐ 2
✔ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✔ 1 GB gagnamagn
1.680kr.

LEIÐ 3
✔ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✔ 5 GB gagnamagn
2.680kr.

LEIÐ 4
✔ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✔ 30 GB gagnamagn*
3.490kr.

365.is | Sími 1817

365

*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn. 30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.

## Leiðrétting

Í umfjöllun Fréttablaðsins í gær um fræðslufyrirlestur á vegum Sálfræðingafélags Íslands undir nafninu „Hvað er með þetta þunglyndi?“ komu fram tvær tímasetningar. Rétt er að undirstrika að fyrirlesturinn fer fram í kvöld, miðvikudagskvöld, milli kl. 20.30 og 22 á Hilton Hotel Nordica.

Nánari upplýsingar má finna á vef Sálfræðingafélags Íslands, www.sal.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem kappkosta að veita faglega ráðgjöf. Hér eru þeir samankomnir. Efri röð frá vinstri: Guffa, Guðrún, Jón Ragnar, Adolf, Soffía, Brynja og Ölli. Neðri röð frá vinstri: Anna Helga, Bylgja, Arndís, Kristjana, Sigurveig og Súsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Framsækin fyrirtækjaþjónusta

## Hjá A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum.

A4 er framsækið og lifandi fyrirtæki. „Metnaður okkar liggur í að vera leiðandi á sviði skrifstofu-, skóla-, gjafa-, föndur- og hannyrðavara. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.

Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem kappkosta að veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup viðskiptavina. „Við leggjum mikið upp úr því að viðskiptavinir geti nálgast okkur á þann hátt sem hentar þeim best; hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef. Fyrirtækjaþjónustan er opin alla virka daga frá 8-17, en vefverslunin a4.is er alltaf opin. Hún er mjög mikið notuð meðal viðskiptavina um land allt,“ segir Bylgja.

### Kostir þess að versla í vefverslun A4

Vefverslunin auðveldar viðskiptavinum að ná fram skilvirkari innkaupum á rekstrarvörum. Þeir safna í körfuna jafnóðum, vista og senda inn pöntun þegar hentar. „Þú sérð þín verð í körfunni og getur auðveldlega séð síðustu pöntun og pantað það sama og síðast,“ útskýrir Bylgja.

Fyrirtæki um allt land geta valið að fá vörurnar sendar án kostnaðar ef verslað er fyrir meira en 20.000 krónur og fylgir þá sætur glaðningur með. Allar pantanir sem berast fyrir klukkan 10 að morgni eru sendar samdægurs eða næsta virka dag.

### Fjölbreytt þjónusta

A4 þjónustar fjölbreytt fyrirtæki og stofnanir. „Við erum til dæmis með viðskiptastjóra menntastofnana sem sérhæfir sig alfarið í að sinna grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og annan viðskiptastjóra sem sinnir leikskólum og frístundaheimilum svo dæmi séu nefnd. Þarfir viðskiptavina okkar eru eðli málsins samkvæmt ólíkar en við svörum því með breiðu úrvali og góðri þjónustu,“ segir Bylgja. Hún segir hægt að óska eftir því að fá viðskiptastjóra fyrirtækjaþjónustunnar í heimsókn sem aðstoðar fyrirtæki við að ná fram hagræðingu í innkaupum á rekstrarvörum.

### Nýr valkostur á húsgagnamarkaði

Hjá A4 fást allar rekstrar- og skrifstofuvörur sem fyrirtæki þarfnast. Sömuleiðis pappírstætarar, prentarar, plöstunar- og innbindivélar. Nýverið bættust glæsileg húsgögn við flóruna. „Við bjóðum húsgögn fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir og erum með því að svara eftirspurn viðskiptavina. Við höfum það að leiðarljósi að skapa skemmtilegt og hvetjandi vinnuumhverfi og vinnum eftir slagorðinu Náðu árangri með ánægju,“ upplýsir Bylgja.

### Allt fyrir kaffistofuna

Að sögn Bylgju Báru er A4 vaxandi á kaffimarkaði. „Hjá okkur er hægt að gera samninga um leigu á kaffivélum. Þá geta fyrirtæki pantað kaffi og te frá Kaffitári og allar helstu hreinlætisvörur um leið og pantað er fyrir skrifstofuna.“

### Vöruhýsing og dreifing fyrir fyrirtæki

A4 býður líka hýsingu fyrir fyrirtæki. „Hún virkar þannig að þau geta hýst sína markaðsvöru hjá okkur. Fyrirtæki sem það kjósa öðlast góða yfirsýn yfir eigin birgðastöðu, spara pláss og utanumhald.“ Nánari upplýsingar um vöruhýsingu fyrirtækja má finna hjá fyrirtækjaþjónustu A4.

### Tilboð í hverjum mánuði

Bylgja hvetur fyrirtæki til að skrá sig á póstlista A4. „Þannig er hægt að fylgjast með nýjustu tilboðunum og fá upplýsingar um nýjungar í vöruframboði A4. Hægt er að skrá sig á www.a4.is/postlisti.

A4 leggur að sögn Bylgju metnað í að bjóða gæðavörur í miklu úrvali á góðu verði. „Við skorum á viðskiptavini að gera verðsamanburð og hafa samband við okkur í fyrirtækjaþjónustu A4 í síma 580 0000.“




Vörurnar eru sendar frítt um allt land ef keypt er fyrir meira en 20.000 kr.



Hægt er að fá viðskiptastjóra fyrirtækjaþjónustunnar í heimsókn. Hann aðstoðar fyrirtæki við að ná fram hagræðingu í innkaupum á rekstrarvörum.











Ef foreldrar eru ekki í sambúð ætti barnið að vera til skiptis hjá móður og föður frá unga aldri, samkvæmt nýrri rannsókn.

# Sameiginlegt forræði er best

Algengt er á Íslandi og víðar að foreldrar barna sem ekki eru í sambúð skipti forræðinu á milli sín. Ný rannsókn sýnir að börnum líður betur í þannig fyrirkomulagi.

Ný rannsókn sem gerð var við háskólann í Arizona sýnir að mjög ung börn hafa gott af því að sofa á heimili föður síns ef foreldrarnir eru ekki í sambúð. Það skapar betri tengsl síðar á ævinni. Nýlega kom út sænsk rannsókn sem sýndi að skilnaðarbörn á skólaaldri sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eru heilsubetri en börn sem eru eingöngu hjá öðru foreldri eftir skilnað.

Fagfólk hefur lengi haldið því fram að börn undir þriggja ára ættu einungis að hafa eitt heimili. Sumir sálfræðingar í Noregi og í Bandaríkjunum hafa talið að þegar foreldrar skipti með sér umgengnisrétti geti það haft neikvæð áhrif á samband móður og barns. Rannsóknin frá Arizona sýnir þvert á móti að börn ættu að búa til skiptis hjá báðum foreldrum sínum allt frá unga aldri. Niðurstöður rannsóknarinnar birtist í tímaritinu Psychology, Public Policy and Law.

Vefsíðan forskning.no spyr prófessor Frode Thuen um niðurstöður þessarar rannsóknar. Hann hefur kynnt sér rannsóknina og þykir sláandi hversu áþreifanleg mótsögn er í niðurstöðu hennar miðað við það sem fagfólk hefur haldið fram. „Það virðist hafa mjög góð áhrif á þroska barna að deila umgengnisrétti frá upphafi, jafnt að degi sem nóttu.

Að börn byrji mjög ung að gista í húsi föður síns hjálpar til við að viðhalda reglulegu sambandi milli barns og föður, sem er afar mikilvægt, að því er prófessor í sálfræði segir í samtali við Forskning.

Í amerísku rannsókninni kemur fram að börn sem dvelja hjá föður sínum frá því að þau hætta á brjósti og til fimm ára höfðu miklu betra samband við báða foreldra sína þegar þau voru orðin 18-20 ára en þau sem eingöngu hittu föður sinn yfir daginn. Könnuð var streita barnanna, bæði líkamleg og andleg, þegar þau voru komin undir tvítugt. Þessi rannsókn og aðrar hafa sýnt að börn sem umgangast ekki föður sinn reglulega eftir skilnað foreldra eru í mun meiri hættu á að glíma við andleg veikindi og félagsleg vandamál en þau sem eru alin upp við sameiginlegt forræði.

Ef fráskildir foreldrar geta komið sér saman um að hafa barnið til skiptis getur það líka auðveldað líf þeirra. Móðirin losnar undan stressi sem fylgir því oft að vera einstæð móðir og faðirinn lærir hvernig það er að hugsa um lítið barn allan sólarhringinn. Samband foreldranna verður auk þess betra með góðri samvinnu.

## Hús skáldsins opnað á ný

Gljúfrasteinn verður opnaður gestum laugardaginn 1. apríl eftir langt hlé. Frítt verður inn á safnið þennan dag og geta gestir gengið um húsið og fræðst um nýafstaðnar framkvæmdir. Einnig verður boðið upp á gönguferðir um nágrennið.

Safnið hefur verið lokað frá ársbyrjun 2016 en ráðist var í umfangsmiklar endurbætur á húsinu eftir að rakaskemmdir komu í ljós. Undanfarnar vikur hafa starfsmenn unnið að því að koma safninu aftur í horf.

Ágúst Pálsson arkitekt teiknaði húsið og var það byggt árið 1945. Ytra byrði hússins var friðað árið 2012. Um húsið segir á vefsíðu safnsins: Gljúfrasteinn, hús Halldórs Kiljans og Auðar Sveinsdóttur Laxness, var reist í Mosfellsdal árið 1945. Halldór hafði valið því stað neðan við samnefndan stein í landareign Laxnessbæjarins, þar sem hann undi sér oft sem ungur drengur. Þaðan sér niður dalinn.

Frá og með laugardeginum verður safnið opið alla daga nema mánudaga frá 10.00-16.00. Skipulagðar gönguferðir frá Gljúfrasteini verða auglýstar nánar síðar. Hægt er að skoða innviði hússins á heimasíðu Gljúfrasteins, gljufrasteinn.is.


Gljúfrasteinn verður opnaður gestum laugardaginn 1. apríl.

# PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ

ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUNUM

NR. 116-5 SB
VERÐ KR. 209.000

NR. 2042 VB
VERÐ KR. 178.900

NR. 2046 SB
VERÐ KR. 251.900

NR. 2006 CG
VERÐ KR. 225.900

NR. 104 SB
VERÐ KR. 325.900

NR. 117 SB
VERÐ KR. 305.900

NR. 2021 SB
VERÐ KR. 294.900

NR. 1002 GS
VERÐ KR. 589.000

NR. 118 PAR
VERÐ KR. 305.900

NR. 106 VB
VERÐ KR. 295.900

NR. 2020 AU
VERÐ KR. 219.900

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Graníthöllin
Legsteinar

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Öflugt tónlistarnám

**Innritun er hafin í Tónskóla Sigursveins. Skólinn býður upp á fjölbreytt tónlistarnám – Suzukinám, forskóla og hljóðfæraleik á grunn-, mið- og framhaldsstigi, klassíska og rytmíska tónlist. Ný námskeið á framhaldsstigi verða kennd næsta vetur og eru þau einnig opin nemendum sem ekki eru í hljóðfæranámi í skólanum.**

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval námsáfanga á framhaldsstigi í tónfræðagreinum og stefnum á að bjóða upp á fjarnám og sumarnámskeið. Það höfum við ekki gert áður en við reynum alltaf að bjóða upp á eitthvað nýtt á hverju ári. Við viljum efla rytmísku deildina okkar og höfum í hyggju að bjóða námskeið í tölvutónlist, hljómborðsleik og söng fyrir unglinga innan rytmísku deildarinnar,“ útskýrir Júlíana Indriðadóttir, skólastjóri Tónskóla Sigursveins. „Við viljum líka í auknum mæli leita samstarfs við grunnskóla og framhaldsskóla til að auka aðgengi nemenda að tónlistarnámi og skapa ný tækifæri. Tónlistarnámið er metið í fjölda framhaldsskóla en það væri spennandi að fara í nánara samstarf við almenna skólakerfið þar sem tónlistarnámið væri hluti af vali nemenda í grunnskóla og námsleiðum í framhaldsskóla.“

Tónskóli Sigursveins er stærsti tónlistarskólinn í Reykjavík með hátt í 600 nemendur. Skólinn leggur áherslu á vandaða og metnaðarfulla kennslu og hefur á að skipa öflugu liði kennara – sérfræðingum í tónlistarkennslu og starfandi hljóðfæraleikurum. Stærð skólans býður upp á öflugt og sérhæft hópstarf en í skólanum eru fjórar strengjasveitir, fjórar gítarsveitir, flautukórar, kammerhópar, rytmasveitir, Suzuki-hóptímar, tónfræðigreinar á öllum námsstigum og vinnustofan Píanó Plús í píanóleik á framhaldsstigi sem opin er nemendum úr öðrum skólum. Stór hópur nemenda stundar nám á framhaldsstigi í tónlist og er námsframboð skólans góður undirbúningur fyrir háskólanám í tónlist. „Hljómsveitarstarf, tæknitímar og kammermúsík eru fastir liðir og við bjóðum reglulega upp á masterklassa og hljómsveitarnámskeið. Við rekum Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna í samstarfi við þrjá aðra tónlistarskóla og flytur hún metnaðarfullt prógramm einu sinni á ári. Elsta strengjasveitin okkar er á framhaldsstigi og er í samstarfi við ameríska strengjasveit, YCO, sem við heimsóttum í október síðastliðnum og mun YCO endurgjalda heimsóknina í sumar. Mikið og öflugt starf fer fram í framhaldsdeildinni.“

Innritun er hafin í skólann. Júlíana segir námið afar vinsælt og mikil ásókn sé í allar deildir þó biðlistar séu mismunandi eftir hljóðfærum og kennslustöðum.

„Við tökum við umsóknum allt árið og nú fer að verða ljóst hvað mun losna hjá okkur og við getum farið að innrita nýja nemendur. Þeir nemendur sem lokið hafa forskóla hjá okkur hafa forgang í hljóðfæranámið en einnig nemendur á framhaldsstigi og þeir sem hafa stundað tónlistarnám og vantar skólapláss.“



**Nemendur á framhaldsstigi í Tónskóla Sigursveins, frá vinstri: Johanna Brynja Ruminy, Helge Snorri Seljeseth, Ólafur Elliðason, Jón Pétur Snæland, Árni Daníel Árnason og Ása Jónsdóttir.** MYND/ERNIR

Nánari upplýsingar á www.tonskolinn.com og facebook.com/TonskoliSDK/




# ÞAÐ ER VOR Í LOFTI HJÁ Curvy.is

Curvy býður upp á fjölbreyttan fatnaði í stærðum 14-30 eða 42-58




VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Við erum á Snap chat > Curvy.is

VERSLUNIN CURVY - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# RISA LAGERSALA 40-90%

## AF ÖLLUM VÖRUM

## 27. MARS - 1. APRÍL













**OPNUNARTÍMAR :**

MÁNUDAGUR - FÖSTUDAGUR ........ 10 - 18

LAUGARDAGUR ........ 10 - 16


~~verð : 49.990~~
nú : 26.245
~~verð : 21.990~~
nú : 11.545
~~verð : 17.990~~
nú : 8.245
~~verð : 24.990~~
nú : 10.495
~~verð : 34.490~~
nú : 9.745
~~verð : 24.990~~
nú : 10.495
~~verð : 24.990~~
nú : 6.745
~~verð : 49.990~~
nú : 26.245
~~verð : 24.990~~
nú : 6.745
CINTAMANI
OUTLET
AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SNIÐUGI SNATTARINN!!!**
'05 HYUNDAI GETZ. EK 146Þ, BENSÍN, BEINSK...TILBOÐSVERÐ 349 ÞÚS!!! #480185. S: 580 8900



**ASKVAÐANDI ACCORD!!!**
'06 HONDA ACCORD SPORT. EK 189Þ, BENSÍN, SJÁLFSK... TILBOÐSVERÐ 699 ÞÚS!!! #471732. S: 580 8900



**FÖNGULEGUR FLÓTTI!!!**
'08 FORD ESCAPE 4WD. EK 167Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...TILBOÐSVERÐ 999 ÞÚS!!! #452079. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**HEILLANDI SVEITALUBBI!**
'04 FORD F150 LEÐURSÆTI. EK 189Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...TILBOÐSVERÐ 1.299 ÞÚS!!! #452615. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Nýju sjóbleikjunetin komin, meira flot, dýpri net, meiri veiði. Heimavík Sporhamrar 3, S. 892 8655 www.heimavik.is



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.



## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka og rekstraraðila.
Góð og traust þjónusta.
Vönduð vinna.
FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.
Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil og bolla, tek heim eða símaspá frá kl.14. Mjög góð reynsla. Kristín s. 897 9002

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Reglusöm og ábyggileg kona, óskar eftir lítilli íbúð sem fyrst helst sv 107,108,105. Vinnur á LSH uppl. í s: 698-1114.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU 50 M2**
Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 770-0111

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Bílskúr

18fm bílskúr til leigu í Háaleitishverfi. Einungis leigður út sem geymsluhúsnæði bílastæði fyrir framan hurð þar sem hægt er að geyma bíla eða kerru. Uppl. guffig@simnet.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavog í hlutastarf/fullt starf. Reyklaus. Ath vaktarvinna.
**Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á stöðunum.**

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí virka daga 13-18:30 og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Þarf að geta hafið störf 1. maí.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakarí í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VEITINGARHÚSIÐ HORNIÐ**
Óskar eftir að ráða pizzabakara í fullt starf, verður að geta byrjað strax. Eldri enn 18 ára. Ferilskrá sendist á: hornid@hornid.is

Vantar starfsmann til afgreiðslustarfa frá kl. 13-18 þarf að geta byrjað strax. Umsóknum eingöngu svarað á tölvupósti: litirogfondur@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

Vanur bílstjóri/guide óskar eftir vinnu hjá traustu fyrirtækji. M.ára reynsla á rútur driver-guide og stóra bíla. uppl: driver_guide_2017@yahoo.com




## Fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Norðurbakki 9A




**Opið hús á morgun fimmtudag milli 17:00 til 17:30.**
Glæsileg sjávarendaíbúð, 120,7 fm, sérverönd og svalir, fallegar innréttingar frá HTH, steinn á borðum, glæsilegt útsýni yfir höfnina og gamla bæinn, ný glæsileg íbúð til afhendingar strax. **V. 72,5 millj. Nánari uppl. veitir Hlynur Halldórsson hjá Hraunhamri í s. 698-2603**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**BORGIR**
FASTEIGNASALA

### ANDARHVARF 3, KÓPAVOGI




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 29.03.2017 KL. 17.30 TIL 18.00**
Borgir s. 588-2030 kynna til sýnis í dag miðvikudag: Sérlega fallegt og stílhreint einbýli á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Frábær staðsetning með miklu útsýni til fjalla frá Hengli í norðri til Þríhnjúka og í Grindarskörð. Frágengin lóð með veröndum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Innbyggður tvöfaldur bílskúr.
**Áhugasamir velkomnir milli KL. 17.30 og 18.00 í dag.**
**Nánari upplýsingar veitir Ægir s. 896-8030.**

**Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030**
**Fax 588-2033 • Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**




### Topp íbúð miðsvæðis í Reykjavík

Stórglæsileg, vönduð 5 herbergja 198,3 fm íbúð á 6. hæð (efstu) við Mánatún. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu (ekki inni í fermetratölu). Íbúð 604 Mánatúni 3.

Inngangur af flísalögðum svölum, aðeins tvær íbúðir á ganginum. Mánatún er miðsvæðis í Reykjavík, góð aðkoma og útsýni. Húsvörður. Allt nýlegt og vandað. Gólfhiti og aukin lofthæð - Stór hjónasvíta með sérbaði - Glæsilegar innréttingar, hnota og granít.

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Norðurbakki 7C




**Opið hús milli 16:30 til 17:00 á morgun fimmtudag.**
3ja til 4herb. Íbúð á fyrstu hæð og er 123,3 fm, sérverönd og svalir, glæsilegar innréttingar frá HTH, steinn á borðum. Ný íbúð til afheningar strax. Eign sem vert er að skoða. **V. 59,9 millj. Nánari upplýsingar veitir Hlynur Halldórsson hjá Hraunhamri í s. 698-2603**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## Útboð

Akraneskaupstaður

### Útboð

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í endurnýjun á um 7.700 m² af gervigrasi í Akraneshöll. Útboðsgögn má panta hjá SportVerk ehf. á netfanginu pwj@sportverk.is.

Opnun tilboða er miðvikudaginn 19. apríl 2017, kl. 14.00 hjá Sportverk, Hátúni 6A, Reykjavík.

www.akranes.is — Jákvæðni, metnaður og víðsýni

SKESSUHORN 2017




## Fundir

# AÐALFUNDUR 2017

**Aðalfundur GRAFÍU verður haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2017, kl. 16.30, á Stórhöfða 31**
(gengið inn Grafarvogsmegin)

**DAGSKRÁ:**
1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár.
2. Reikningar sjóða félagsins.
   tillaga um kaup á húsnæði fyrir GRAFÍU
3. Lagabreytingar.
4. Stjórnarskipti.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
6. Kosning ritstjóra.
7. Kosning í fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs.
8. Nefndakosningar.
9. Önnur mál.

Dugnaðarfontar og dáindismenn
- Hvernig íslenskir prentarar björguðu heiminum
erindi Stefáns Pálssonar

Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrarframkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu GRAFÍU frá og með 27. mars 2017.

Fyrir liggja lagabreytingar um kosningar í stjórn félagsins og við Reglugerð sjúkrasjóðs.

**Félagsmenn eru hvattir til að mæta.**

GRAFÍA
Stórhöfða 31, SÍMI 552 8755
www.grafia.is grafia@grafia.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




## Virði vandræðaeigna Kaupþings fjórfaldaðist

Þær eignir Kaupþings sem mest óvissa hefur verið um varðandi endanlegur heimtur eru svonefndar vandræðaeignir (NOA-eignasafnið) en þar undir var meðal annars krafa Kaupþings á hendur Deutsche Bank. Eftir að samkomulag náðist við þýska bankann hækkaði bókfært virði þeirra eigna um tæplega 60 milljarða króna og nam samtals um 80 milljörðum í árslok 2016, samkvæmt ársreikningi Kaupþings. Sú mikla virðisaukning stafar að langstærstum hluta af ákvörðun Deutsche Bank um að greiða Kaupþingi rúmlega 400 milljónir evra gegn því að þau dómsmál sem höfðuð voru á hendur þýska bankanum féllu niður. Auk Pauls Copley hafa þeir Arnar Scheving Thorsteinsson og Arnaldur Jón Gunnarsson verið þeir starfsmenn Kaupþings sem hafa haldið utan um vandaræðaeignir félagsins en þær samanstanda af ýmsum lánum, skuldabréfum, eignum eða kröfum með enga undirliggjandi starfsemi að baki.

Í ársfjórðungslegum fjárfestakynningum Kaupþings fyrir hluthafa félagsins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að krafan á hendur Deutsche Bank hafi verið á meðal stærstu eigna í þessu tiltekna eignasafni félagsins. Kaupþing hafði krafist þess fyrir dómstólum að fá um 510 milljónir evra frá Deutsche Bank en það er sú fjárhæð sem var varið í að kaupa lánshæfistengd skuldabréf (e. Credit Link Notes, CLN ) þýska bankans sem aftur voru tengd skuldatryggingarálagi Kaupþings. Lánin voru einnig notuð til að mæta veðköllum Deutsche vegna kaupanna þegar skuldatryggingarálag Kaupþings fór yfir ákveðin mörk.

Greiðslur til Deutsche Bank vegna þessara viðskipta höfðu farið í gegnum tvö aflandsfélög sem síðar fóru í greiðsluþrot. Í umfjöllun Spegilsins á RÚV um málið fyrr í þessum mánuði var bent á að skiptastjóri þeirra félaga hefði krafið þýska bankann um þessar rúmlega 500 milljónir evra og skýringar á því hver hefði verið tilgangur viðskiptanna. Í þeim málaferlum sem fylgdu í kjölfarið neitaði fulltrúi Deutsche Bank að bankinn hefði tekið þátt í viðskiptunum til að hafa áhrif á markaðinn og hann ekki vitað að Kaupþing sjálft hefði fjármagnað þau. Sú staðreynd að þýski bankinn hefur núna fallist að stórum hluta á kröfur Kaupþings – og forðaðist þannig málaferli fyrir dómstólum – þykir til marks um að hann hafi í senn verið þátttakandi og lagt á ráðin í viðskiptum með skuldatryggingar þar sem starfsmenn Deutsche vissu að markaðurinn væri blekktur og eins að bankinn hafi vitað að Kaupþing fjármagnaði viðskiptin.

staðfest þá tímasetningu „í ljósi ríkra trúnaðarákvæða í samningum við Deutsche Bank. Hins vegar er það hluti af stefnu félagsins að tilkynna hluthöfum, eftir því sem kostur er, um öll meiriháttar viðskipti eins fljótt og mögulegt er eftir að þau eru kláruð.“

Ef marka má það sem kemur fram í fjárfestakynningu þýska bankans var því í reynd búið að ganga frá samkomulagi um að Deutsche Bank myndi fallast á að greiða jafnvirði um 50 milljarða til Kaupþings þegar félag Seðlabankans seldi sex prósenta hlut sinn í Kaupþingi. Sú eingreiðsla í peningum, sem fór til Kaupþings og tveggja félaga sem Kaupþing átti kröfur á, var hins vegar ekki innt af hendi fyrr en í byrjun þessa árs. Ljóst er að Seðlabankinn hefði fengið umtalsvert meira fyrir hlut sinn í Kaupþingi, gróflega áætlað á bilinu 4 til 5 milljarða króna, ef bankinn hefði haft upplýsingar um væntanlega niðurstöðu í ágreiningsmálinu við Deutsche Bank.

**Miðað við viðbrögðin virðist tímasetning og fjárhæð samkomulagsins hafa komið hluthöfum á óvart.**

Úr svari Kaupþings

**19**

**milljarða fékk Seðlabankinn í gjaldeyri við sölu á 6% hlut sínum í Kaupþingi en um tveimur mánuðum síðar var virði bréfanna um 4 til 5 milljörðum hærra.**

### Ætlaði alltaf að selja

Seðlabankinn hafði um nokkurt skeið verið með það í undirbúningi að selja hlutinn í Kaupþingi, meðal annars vegna gengisstyrkingar krónunnar, enda var ljóst því upphafi að bankinn ætlaði sér ekki að halda á bréfunum út líftíma félagsins. Þannig hafði vogunarsjóðurinn Taconic Capital reglulega komið á framfæri áhuga sínum, með óformlegum hætti, á að kaupa hlut Seðlabankans.

Þegar nauðasamningar Kaupþings voru kláraðir í árslok 2015 nam kröfufjárhæð bankans ríflega 158 milljörðum. Samkvæmt greinargerð sem Seðlabankinn birti í október sama ár vegna uppgjörs föllnu bankanna þá gerði bankinn ráð fyrir að endurheimtur vegna krafna á hendur Kaupþingi myndu nema jafnvirði 40 milljarða króna á þáverandi gengi.

Strax í kjölfar nauðasamnings Kaupþings, þar sem gefið var út skuldabréf í erlendri mynt og samningskröfuhafar á borð við Seðlabankann fengu afhenta nýja hluti í félaginu í hlutfalli við fjárhæð krafna þeirra, fékk Seðlabankinn vel á annan tug milljarða í sinn hlut samtímis því að Kaupþing greiddi út reiðufé til hluthafa. Frekari fjármunir féllu í skaut Seðlabankans á árinu 2016, samhliða því að stjórn Kaupþings var að umbreyta eignum í laust fé og greiða út til hluthafa, áður en bankinn ákvað að selja bréf sín í nóvember fyrir ríflega 19 milljarða á þáverandi gengi. Hlutfurinn var upphaflega í eigu Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) en í svari Seðlabankans til Markaðarins kemur fram að á árinu 2016 hafi ESÍ afhent Seðlabankanum bréfin í tengslum við skuldauppgjör.

Bakhjarl í fjárfestingum erlendis

Landsbankinn býður úrval fjárfestingarkosta sem henta ólíkum markmiðum og annast viðskipti með bréf og sjóði fyrir viðskiptavini sína á öllum helstu mörkuðum heims.

Landsbréf – Global Portfolio*
Sjóðasjóður í rekstri Landsbréfa sem fjárfestir aðallega í erlendum sjóðum með áherslu á hlutabréf.

Landsbréf – Nordic 40*
Vísitölusjóður í rekstri Landsbréfa sem fjárfestir í hlutafélögum sem mynda norrænu hlutabréfavísitöluna OMXN40.

Fjölbreytt úrval sjóða
Landsbankinn er í samstarfi við þekkt erlend sjóðafyrirtæki á borð við AB, Black Rock, Carnegie Funds, T. Rowe Price Funds og UBS.

Verðbréfamiðlun og vörsluþjónusta
Við bjóðum vörsluþjónustu og viðskipti með hlutabréf, skuldabréf og kauphallarsjóði á öllum helstu mörkuðum.

Nánari upplýsingar má fá hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040 eða með pósti á verdbrefaradgjof@landsbankinn.is.

Fyrirvari: Auglýsingin felur ekki í sér persónulega fjárfestingarráðgjöf samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og hefur Landsbankinn ekki metið hvort kaup á viðkomandi fjármálagerningum sé viðeigandi fyrir viðskiptavin. Viðskiptavinir eru því hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um, þ.m.t. um skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna og/eða um það hvort gjaldeyrishöft snerti fyrirhugaða fjárfestingu að einhverju leyti. Viðskiptavinir bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum. Viðskipti með fjármálagerninga geta verið mjög áhættusöm og ávöxtun í fortíð gefur enga vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fjárfestingum í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendri mynt fylgir að jafnaði gjaldeyrisáhætta, þar sem gengi einstakra gjaldmiðla getur sveiflast verulega. Verði breytingar á gengi óhagstæðar getur það leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga sem aðgengileg er í útibúum Landsbankans og á vef bankans: www.landsbankinn.is/mifid.
*Allar upplýsingar um sjóðinn, þ.m.t. lykilupplýsingar, útboðslýsingu og reglur hans, má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.

LANDSBRÉF

# Skotsilfur

## Vann með Tryggva



Margir bíða nú spenntir eftir skýrslunni sem á að varpa ljósi á þátt Hauck & Aufhäuser í kaupunum á Búnaðarbanka Íslands 2003 sem Kjartan Bjarni Björgvinsson mun kynna í dag. Finnur Þór Vilhjálmsson, starfsmaður hjá embætti héraðssaksóknara, hefur aðstoðað Kjartan í rannsóknarnefndinni en hann er fyrrverandi lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis. Rannsókninni sem skýrslan er byggð á var einmitt hrint af stað eftir að Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, fékk ný gögn í hendurnar um söluna.

## Tíð stjórnarskipti



Það kom ýmsum á óvart að Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur tókst að skáka Herdísi Fjeldsted og verða kjörin stjórnarformaður VÍS eftir aðalfund félagsins fyrr í þessum mánuði. Þrír nýir stjórnarmenn tóku sæti í stjórn félagsins og þá er Svanhildur fjórði stjórnarformaður VÍS á aðeins tveimur árum. Fjárfestirinn Hallbjörn Karlsson, sem hafði verið stjórnarformaður um skeið, hætti í stjórn félagsins í mars 2015 og við formennsku tók Guðrún Þorgeirsdóttir. Hún stoppaði ekki lengi og var Herdís kjörin stjórnarformaður VÍS í nóvember sama ár.

## Náði ekki inn í stjórn



Það áttu margir von á því að Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, myndi komast inn í stjórn Isavia á aðalfundi félagsins í síðustu viku. Heyrst hafði að Ragnhildur sæktist eftir sæti en allt kom fyrir ekki. Hún er reynslubolti á sviði ferðaþjónustu enda fór hún með þann málaflokk í síðustu ríkisstjórn. Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjórnarmaður í Sandgerði, Helga Sigrún Harðardóttir, kosningastjóri Bjartrar framtíðar, og Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður N1, eru nýir stjórnarmenn ríkisfyrirtækisins.

# Fögnuðu með tertu




Ryanair fagnaði stórum áfanga í gær þegar fyrsta farþegaflugvél írska lággjaldaflugfélagsins lenti á alþjóðaflugvellinum í Frankfurt. Flugfélagið ætlar að fljúga á 24 áfangastaði frá þessum stærsta flugvelli Þýskalands og af því tilefni fögnuðu starfsmenn Ryanair með glæsilegri tertu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hafið auga með kínverska seðlabankanum



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Síðustu vikuna hefur verið nokkur titringur á fjármálamörkuðum heimsins og athygli fjölmiðla hefur beinst að misheppnuðum tilraunum Trumps forseta til að fá sjúkratryggingafrumvarp sitt samþykkt sem ástæðu fyrir þessari taugaspennu á mörkuðum. En sagan gæti verið mun flóknari og það er á engan hátt gefið að þetta snúist í raun um bandarísk stjórnmál.

Það er hins vegar athyglisvert að tveir mikilvægustu seðlabankar heimsins hafa nýlega hert peningamarkaðsskilyrðin. Þannig er það vel þekkt að Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti 15. mars en athyglin hefur síður beinst að þeirri staðreynd að peningamarkaðsskilyrði Kína hafa líka verið hert nýlega.

**Herská ummæli**

Í fyrsta lagi leyfði kínverski seðlabankinn – Alþýðubanki Kína – kínverska gjaldmiðlinum renminbi að síga smám saman mestan hluta ársins 2016. Með þessu var óbeint losað um peningamálastefnuna. En á síðustu tveimur mánuðum hefur Alþýðubankinn bundið enda á þetta gengissig og í staðinn haldið renminbi að mestu leyti flötu gagnvart myntkörfu. Í öðru lagi hafa kínverskir stýrivextir hækkað skarpt síðan í nóvember, úr um það bil 2,75% í um það bil 4,5%.

Þessir tveir þættir valda nokkuð harðari peningamarkaðsskilyrðum í Kína og nýleg ummæli seðlabankastjórans hafa líka verið nokkuð herská og gefið í skyn að ekki sé að vænta frekari losunar á peningamálastefnunni núna, þrátt fyrir að verðbólgan í Kína sé enn nokkuð undir 3% verðbólgumarkmiði.

> **Frá sjónarmiði Íslendinga er það sérlega mikilvægt þar sem Kína er stærsti ál- og orkunotandi í heimi.**

Það má vera að athyglin sé mikil á Donald Trump og Seðlabanka Bandaríkjanna en við megum aldrei hunsa það sem næststærsti seðlabanki í heimi gerir. Einmitt núna gæti hann verið að gera stefnumarkandi mistök – að herða peningamálastefnuna þegar hið gagnstæða gæti verið nauðsynlegt – og það gæti verið einn þeirra þátta sem valda þeim titringi sem við höfum séð á fjármálamörkuðum heimsins síðustu vikuna.

**Tímabundin stefnubreyting?**

Þess vegna er líka mjög góð ástæða til að hafa auga með aðgerðum Alþýðubanka Kína á næstu mánuðum og frá sjónarmiði Íslendinga er það sérlega mikilvægt þar sem Kína er stærsti ál- og orkunotandi í heimi. Þar af leiðandi getur ótímabær herðing á peningamálastefnu haft neikvæð áhrif á ál- og orkuverð.

Það er hins vegar of snemmt að segja til um það hvort Alþýðubankinn sé að taka upp varanlega aðhaldsstefnu í peningamálum eða hvort þetta endurspeglar tilhneigingu kínverska seðlabankans til að hafa rykkjótta peningamálastefnu sem sveiflast nokkuð óreglulega á milli lausataka og aðhaldsstefnu. En engu að síður er mikilvægt að hafa auga með þessu – jafnvel frá sjónarhóli Íslendinga.

# Frekjurnar sem vilja framgang í starfi



**Brynhildur S. Björnsdóttir** framkvæmdastjóri GG Verk og FKA-félagskona

Strax í frumbernsku fékk ég skilaboðin um að það væri eftirsóknarvert að vera þæg og góð. Krefjast ekki of mikils. Fylgja röð og sýna öllum tillitssemi. Vera ekkert að andskotast þótt aðrir færu fram fyrir mann eða hefðu hærra. Ef maður asnaðist til að taka að sér leiðtogahlutverk í leik eða skóla fékk maður iðulega þau skilaboð frá umhverfinu að maður væri frekja.

Þessi skilaboð reyndust seig og fylgdu mér langt fram á fullorðinsár. Ég reyndi að falla í skuggann af strákunum og vildi frekar láta draga af mér neglurnar en að óska eftir launaviðtölum. Hvað þá framgangi í starfi. Nei, nei. Ætlaði bara að halda áfram að vera dugleg og bíða svo eftir langþráðu klappi á bakið frá strákunum. Einmitt.

Fyrir nokkrum árum fór ég svo á samliggjandi foreldrafundi hjá 9 ára dótturinni og 10 ára syninum. Skilaboðin sem hann fékk frá kennaranum sínum voru að hann væri svo klár að hann gæti sigrað heiminn. Gæti gert hvað sem hann vildi. Orðrétt fékk dóttirin hins vegar skilaboðin um að hún væri afskaplega þægileg og góð. Öllum liði svo vel í kringum hana. Já, já. Einmitt. Frábært. Ég sé ennþá eftir því í dag að hafa verið þæga mamman á þessum fundi. Er búin að öskra inni í mér síðan.

Á sama tíma les maður fréttir um að aðeins fimmtungur sveitarstjóra séu konur árið 2017. Fimmtungur! Ég starfa sem framkvæmdastjóri byggingafyrirtækis og get fullyrt að þar eru kvenstjórnendur nánast engir. Með tilheyrandi afleiðingum og vöntun á kvenlægum áherslum, gildum og jafnrétti í heilum bransa – sem stýrt er af Y-litningnum.

Æ, í alvöru. Hvaða þægu stelpur hafa nokkurn tímann breytt heiminum? Getum við hætt að hrósa stelpunum okkar fyrir þæg(indi)? Hrósum þeim þegar þær nota útiröddina sína. Hrósum þeim þegar þær taka sér pláss. Valdeflum þær og ýtum undir styrkinn. Stöndum saman. Klöppum fyrir óþekkt. Gerum stelpurnar okkar að stjórnendum sem breyta heiminum.

Kyrjum svo saman möntruna: „Góðar stelpur fara til himna en óþekkar stelpur fara hvert sem er.“



GAMMA GLOBAL INVEST:
Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði
GAMMA Global Invest er nýr sjóður sem er skráður í evrum og gerir almenningi kleift að fjárfesta erlendis. Fjárfestar geta þannig náð markmiðum um alþjóðlega eignadreifingu í einum sjóði.
Samstarf við öflugustu fjármála-fyrirtæki í heimi tryggir GAMMA Global Invest aðgang að fjölda fjárfestingarkosta sem skilar sér í hagkvæmri eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og landssvæða.
Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.
NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS
GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON
Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini. GAMMA: Global Invest er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA skv. lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðsins er GAMMA Capital Management hf. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á vefsvæði GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 29. mars 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

## Áfram snúast hjólin í Bretlandi

**Í dag** stendur til að Bretar virki formlega 50. gr. Lissabonsáttmálans, en það er samningsákvæði sem markar upphaf tveggja ára útgönguferlis úr Evrópusambandinu. Hlutabréfamarkaðir í Bretlandi hafa í upphafi viku verið óvissir í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, og pundið veiktist lítillega í gær eftir stutta styrkingarhrinu.

**Pundið** hefur veikst um 10 til 20% gagnvart helstu viðmiðunarmyntum frá Brexit síðastliðið sumar. Fasteignamarkaðurinn hefur sömuleiðis legið í nokkrum dvala. Varla þarf að fjölyrða um þá staðreynd að útganga Breta hefur haft fremur neikvæð áhrif á breskt efnahagslíf til skemmri tíma. Hvað áhrif til lengri tíma varðar á hins vegar eftir að koma í ljós.

**Í kjölfar** atkvæðagreiðslunnar heyrðust ýmsar bölsýnis- og dómsdagsspár. Við Íslendingar þekkjum það hins vegar að hið alþjóðlega fjármálakerfi þjáist af gullfiskaminni á hæsta stigi. Íslendingar áttu að verða holdsveikisjúklingar í fjármálalegu tilliti eftir hrunið og síðan aftur þegar Icesave-samningunum var hafnað.

**Sumir**, og sá sem þetta ritar þar með talinn, voru þá ef til vill helst til svartsýnir á íslenskar framtíðarhorfur. Aðeins örfáum árum síðar eru útlendingar ekki bara farnir að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum, heldur einnig orðnir fyrirferðarmeiri en áður á hlutabréfamarkaði og kjölfestueigendur stærsta banka landsins. Hvern hefði grunað það fyrir örfáum árum?

**Alþjóðlegir** fjárfestar vilja einfaldlega ávaxta sitt pund og leita í þeim efnum þangað sem ávöxtun er að finna hverju sinni. Bretar hafa nú þegar dregið í land með sínar stórkarlalegustu yfirlýsingar um Brexit-ferlið. Þannig herma fregnir að ólíklegt sé að þeir sleppi alveg hendinni af ESB-aðild án þess að fá í staðinn einhvers konar fríverslunarsamning við sambandið. Bölsýnisspár um að bankar og fjármálafyrirtæki myndu yfirgefa London í stórum stíl hafa heldur ekki alveg gengið eftir.

**Hvernig** sem því verður háttað er líklegt að Bretar muni að endingu ná vopnum sínum. London er heimsborg með aldagamla og rótgróna banka- og fjármálamenningu. Þar er líka töluð enska, sem eins og allir vita er tungumál viðskiptanna. Þeir hafa forskot þegar af þessum ástæðum.

**Sennilega** halda hjólin áfram að snúast í Bretlandi, þótt tímabundið hægist aðeins á ferðinni. Því fyrr sem Theresu May tekst að marka trúverðuga stefnu í útgöngumálum, því fyrr fara hjólin að snúast fyrir alvöru.


UMHVERFIÐ

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Fá greitt eftir söluna á Invent Farma



Fjármunir sem fengust við sölu á Invent Farma í júlí 2016 verða að stærstum hluta greiddir út til hluthafa á næstu dögum, samkvæmt heimildum Markaðarins, en félagið var selt fyrir um 215 milljónir evra, jafnvirði um 30 milljarða á þáverandi gengi. Þótt ekki sé búið að greiða út nema lítinn hluta söluandvirðisins til hluthafa þá skiptu fjárfestarnir evrunum í krónur skömmu eftir að salan kláraðist. Þeir verða því ekki fyrir gengistapi vegna styrkingar krónunnar en gjaldeyririnn sem fékkst við söluna var að mestu skilaskyldur. Meðal hluthafa Invent Farma voru FSÍ, Friðrik Steinn Kristjánsson, Horn og Finnur Reyr Stefánsson. **– hae**

**27.3.2017**



**Það var alveg ljóst frá fyrsta degi í Búnaðarbankanum að þýski bankinn hafði aldrei neinn áhuga á bankanum. [...] Þetta er málamyndagerningur.**

Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður




Norðlingabraut 10, Reykjavík

# Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

Hafðu samband ef þig vantar framtíðar- stað fyrir fyrirtækið þitt.

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími 568 6787 | fyrirspurn@heild.is | www.heild.is

HEILD fasteignafélag




## STUDIO KLEINA

# CREATIVE TAKE OFF

## ÍSLENSK HÖNNUN Í FORGRUNNI

**Creative Take Off er vettvangur fyrir hönnuði til að koma verkum sínum á framfæri, staðsettur í brottfararsal Keflavíkurflugvallar. Isavia hefur í samstarfi við Hönnunarmiðstöð komið upp stóru og glæsilegu grafíkverki á besta stað í flugstöðinni til að farþegar fái að upplifa sköpunarkraft íslenskrar hönnunar og jafnvel bera hróður listamannana með sér út fyrir landsteinana.**

Grafíkverkið var hluti af okkar framlagi til HönnunarMars 2017 en vegna almennrar ánægju um verkið fá farþegar að njóta þess til aprílloka.

Í þessu 15 metra langa veggverki má sjá sýnishorn af átta fullkláruðum leturtýpum úr smiðju Stúdíó Kleinu, en einnig nokkur nýrri tilraunakennd verk úr núverandi verkefni þeirra Letur+Krot+Krass. Listamennirnir Elsa Jónsdóttir og Loki Björnsson útskrifuðust sem grafískir hönnuðir frá Listaháskóla Íslands árið 2014, en þau hönnuðu til að mynda einkennið fyrir Hönnunarverðlaun Íslands og hafa vakið mikla athygli fyrir áhugaverðar leturgerðir.

ISAVIA

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre



Okkar ástkæra

**Úrsúla von Balszún**

lést á líknardeild Landspítalans, 25. mars. Útför hennar fer fram frá Bænhúsi Fossvogskirkju föstudaginn 31. mars kl. 11.

**Sonja Jónsdóttir og fjölskylda.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, dóttir, fósturdóttir og systir,

**Jóhanna Líndal Jónsdóttir**

Vesturgötu 157, Akranesi,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 21. mars 2017. Hún verður jarðsunginn 31. mars 2017 klukkan 13 frá Akraneskirkju.

**Ari Grétar Björnsson**
**Lilja Petrea Líndal Aradóttir**
**Svanhvít Mjöll Aradóttir**
**Lilja Líndal Gísladóttir** **Hjörtur Márus Sveinsson**
**Gísli Baldur Mörköre**
**Kristinn Líndal Jónsson** **Fanney Þórðardóttir**
**Márus Líndal Hjartarson** **Þura Björk Hreinsdóttir**
**Ólafur Elí Líndal Hjartarson** **Berglind Björk Gunnarsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðfinna Jóhannesdóttir**
**(Gulla)**

Lækjargötu 34c, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi 6. mars.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Sólvangi fyrir frábæra umönnun. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Alzheimersamtökin.

**Jón Þór Guðmundsson**
**Alma Hanna Guðmundsdóttir** **Bragi Jens Sigurvinsson**
**Einar Einarsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**Einar Finnsson**

Suðurbraut 44, Selfossi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 19. mars sl. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju 31. mars klukkan 13.00.

**Áslaug Guðmundsdóttir**
**Finnur Ingi Einarsson** **Steinvör Jónsdóttir**
**Guðrún Andrea Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

**Grétar Haraldsson**

hæstaréttarlögmaður,

lést þriðjudaginn 14. mars.
Útförin verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Gréta Hrund Grétarsdóttir** **Gunnar B. Finnbogason**
**Halldóra Grétarsdóttir**
**Haraldur Grétarsson** **Harpa Ágústsdóttir**
**Heiðrún Grétarsdóttir** **Kristján Hrafn Guðmundsson**
**Jakobína M. Grétarsdóttir** **Benny Lindgren**
**Sigurður Júlíus Grétarsson** **Bergþóra S. Þorbjarnardóttir**
**Þóra Steinunn Pétursdóttir** **Jón Óttar Ólafsson**
**Þórunn Grétarsdóttir** **Björn Sighvatsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---

# Styttist í 100 ára afmælið

**Elsta starfandi hljómsveit landsins, Lúðrasveit Reykjavíkur, fagnar 95 ára afmæli sínu með stórtónleikum í Hörpu í kvöld. Fram koma bæði nýir og eldri meðlimir sveitarinnar.**



Lárus Halldór Grímsson, stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undirbúningurinn hefur gengið alveg einstaklega vel og það er góð stemning í hópnum,“ segir Lárus Halldór Grímsson, tónlistarstjóri Lúðrasveitar Reykjavíkur, en hljómsveitin heldur upp á níutíu og fimm ára afmælið sitt á morgun með stórtónleikum í Hörpu.

Á efnisskrá kvöldsins eru eingöngu tónverk eftir núverandi og fyrrverandi meðlimi sveitarinnar.

„Það verða frumflutt ný verk sem samin eru sérstaklega fyrir tónleikana, eftir Unni Malín Sigurðardóttur og Þóri Hermann Óskarsson,“ segir hann.

Fjölmargir hafa stjórnað sveitinni frá upphafi, sá fyrsti var Otto Böttcher. Síðar hafa meðal annars stjórnað sveitinni til lengri eða skemmri tíma Páll Ísólfsson, Karl Ottó Runólfsson, Albert Klahn, Páll Pampichler Pálsson, Björn R. Einarsson, Stefán Þ. Stephensen, Eiríkur Stephensen, Oddur Björnsson, Guðmundur Norðdahl, Helgi Þ. Svavarsson og Jóhann T. Ingólfsson.

„Á tónleikunum verða flutt eldri verk eftir þau Daníel Þröst Sigurðsson, Báru Sigurjónsdóttur, Lárus Halldór Grímsson, Árna Björnsson, Karl Ottó Runólfsson og Pál Pampichler Pálsson,“ segir Lárus og bætir við að flest verkin hafi sérstaklega verið samin í fyrir Lúðrasveit Reykjavíkur.

Lúðrasveitin var stofnuð 7. júlí 1922 við sameiningu lúðrafélaganna Gígju og Hörpu. Þá þegar hafði Harpan hafið undirbúning að byggingu æfinga- og tónleikahúss í nánu samstarfi við Knud Ziemsen, bæjarstjóra Reykjavíkur.

„Það fer svo að styttast í 100 ára afmælið, og ætli við förum bara ekki fljótlega að huga að því eftir þessa tónleika,“ segir Lárus léttur í bragði.

**gudrunjona@frettabladid.is**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Jóna Sesselja Guðbrandsdóttir**

Hörðukór 1, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi mánudaginn 27. mars. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 6. apríl kl. 15.00.

**Ásbjörn Einarsson**
**Einar Jón Ásbjörnsson** **Elísabet Reykdal Jóhannesd.**
**Elín Björk Ásbjörnsdóttir** **Gísli Jóhann Hallsson**
**og barnabörn.**

---



Útför eiginkonu minnar, mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Margrétar Ólafsdóttur**

hjúkrunarfræðings,
Skálateigi 3, Akureyri,

fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 31. mars kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju – félag langveikra barna.

**Hreinn Pálsson**
**Lára Hreinsdóttir** **Erlingur Jóhannsson**
**Ólafur Hreinsson** **Sigurbjörg María Ísleifsdóttir**
**Guðni Hreinsson** **Þórey Þöll Vilhjálmsdóttir**
**Hans Hreinsson** **Harpa Sif Þórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Hafsteins Þorbergssonar**

rakarameistara,
Hríseyjargötu 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Skógarhlíð fyrir góða og hlýlega umönnun.

**Ingibjörg Kristinsdóttir**
**dætur og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigmundur Grétar Magnússon**

fyrrverandi yfirlæknir,
áður að Steinavör 4, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund þann 26. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðlaug Sigurgeirsdóttir**
**Sigurgeir Sigmundsson** **Hildur Ásta Viggósdóttir**
**Sigríður Sigmundsdóttir** **Hermann Ársælsson**
**Guðrún Sigmundsdóttir** **Gylfi Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Einar Kristjánsson**

húsasmíðameistari,
Tjarnarási 12, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi,

lést á HVE Stykkishólmi mánudaginn 20. mars sl. Útförin verður gerð frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 31. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á félagsstarf Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.
Banki: 0309-26-1261, kt. 120158-6789.

**María Guðmundsdóttir**
**Guðrún Gunnlaugsdóttir** **Jónas Steinþórsson**
**Kristján Gunnlaugsson** **Dallilja Inga Steinarsdóttir**
**Guðmundur Gunnlaugsson** **Dagbjört I. Bæringsdóttir**
**Þröstur Gunnlaugsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Jóhann Gunnlaugsson** **Vaka H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sveinn Sæmundsson**

fyrrv. blaðafulltrúi,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi sunnudaginn 26. mars. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**María Jónsdóttir**
**Kolbrún Sveinsdóttir** **Ævar Pálmi Eyjólfsson**
**Erla Sveinsdóttir** **Pétur J. Eiríksson**
**Goði Sveinsson** **Anna K. Marteinsdóttir**
**Sindri Sveinsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**og aðrir afkomendur.**

**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis**
**6. apríl**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2017

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

365 FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austanstrekkingur syðst á landinu, annars hægari suðlæg eða suðaustlæg átt. Stöku skúrir við suður- og austurströndina, lítilsháttar rigning eða slydda á Vestfjörðum síðdegis en annars skýjað og þurrt. Hiti 1 til 8 stig, hlýjast suðvestan til.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -0° | 1° |
| ←13 | ←10 | ←8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -0° |
| ←8 | ←11 | ↘2 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 1° |
| ←6 | ←10 | ←8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | 1° |
| ←7 | ↓2 | ↘2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. magi
6. rómversk tala
8. sæ
9. farfa
11. strit
12. fláræði
14. hroki
16. hvað
17. vefnaðarvara
18. kærleikur
20. í röð
21. samtök

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. þvaga
4. lendar
5. lappi
7. hlýna
10. skír
13. op
15. skvamp
16. rámur
19. drykkur



**LÁRÉTT: 2.** vömb, **6.** lm, **8.** sjó, **9.** lit, **11.** at, **12.** slægð, **14.** dramb, **16.** ha, **17.** tau, **18.** ást, **20.** rs, **21.** stef.
**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ös, 4. mjaðmar, **5.** bót, **7.** mildast, **10.** tær, **13.** gat, **15.** busl, **16.** hás, **19.** te.

## Skák Gunnar Björnsson

Danielsen átti leik gegn Sörensen í Sundberg í Danmörku árið 1991.

**Svartur á leik**

**1...Rh2+! 2. Kg1 Bd4+ 3. Kh1 Rf1! 0-1.** Hörðuvallaskóli sigraði á Íslandsmóti grunnskólasveita sem fram fór um helgina. Svo fór að sérstaka úrslitakeppni þurfti og þarfðu Hörðuvellingar betur gegn Laugalækjarskóla.

**www.skak.is:** Íslandsmót grunnskólasveita.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ · midi.is · Miðasala og nánari upplýsingar

POWER RANGERS — SÝND KL. 5.30, 8, 10.15
GET OUT — SÝND KL. 8, 10.30
Stóra stökkið — SÝND KL. 5.30
SPLIT — SÝND KL. 10.35
JOHN WICK 2 — SÝND KL. 8
Billi Blikk — SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓIN · SAMbio.is

Beauty and the Beast — Ein besta ævintýramynd allra tíma
CHIPS — Dax Shepard, Michael Peña — Frábær grínmynd, með þeim betri
KONG: SKULL ISLAND — Tom Hiddleston, Samuel L. Jackson, John Goodman, Brie Larson
ROCK DOG — Frábær teiknimynd með íslensku tali.

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 |
| CHIPS VIP | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 6 - 8:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D VIP | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 6 - 8 - 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:15 |
| FIST FIGHT | KL. 10:30 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| IDOMENEO ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:40 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:10 |



Ársfundur atvinnulífsins 2017 verður haldinn í dag miðvikudag 29. mars í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. MARS

### Fundir

**Hvað?** Ársfundur atvinnulífsins 2017
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Ársfundur atvinnulífsins 2017 verður haldinn miðvikudaginn 29. mars í Hörpu. Sérstakur gestur fundarins er aðalritstjóri tímaritsins Economist sem mun fjalla um stöðu efnahagsmála á alþjóðlegum vettvangi og horfurnar framundan. Ekki er ólíklegt að útganga Breta úr ESB komi við sögu en Bretland er einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Hvað er með þetta þunglyndi? Fyrirlestur í tilefni Sálfræðiþings
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2
Opinn fræðslufyrirlestur fyrir almenning í boði Sálfræðingafélags Íslands í tengslum við Sálfræðiþing. Í fyrirlestrinum fjalla sálfræðingarnir Guðríður Þóra Gísladóttir og Helgi Héðinsson um helstu einkenni þunglyndis hjá börnum og fullorðnum og kynna árangursríkar leiðir til að ná tökum á því. Þau gefa hagnýt ráð sem geta dregið úr þunglyndi og bætt líðan og leiðbeina um hvert hægt er að leita þegar frekari aðstoðar er þörf. Guðríður Þóra og Helgi eru bæði starfandi sálfræðingar. Guðríður Þóra hefur fyrst og fremst unnið með börnum og unglingum en Helgi með fullorðnum. Fundarstjóri verður Hrund Þrándardóttir, formaður Sálfræðingafélags Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Hugsun – skilgreinir hún manninn?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslenskri erfðagreiningu, Sturlugötu 8
Opinn fræðslufundur miðvikudaginn 29. mars kl. 17.00-18.30 í Íslenskri erfðagreiningu, Sturlugötu 8. Kristinn R. Þórisson, prófessor í tölvunarfræði við HR: Skilningur og vit hjá manneskjum og vélmennum. Ellý Katrín Guðmundsdóttir: Þegar minnið hopar. Kári Stefánsson, læknir og erfðafræðingur: Heilinn. Kaffiveitingar frá kl.16.30 – Allir velkomnir.

### Uppákomur

**Hvað?** Harry Potter Pub quiz!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

**Hvað?** Útivistargírinn 2017 – Kynningarfundur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Garðyrkjufélagi Íslands, Síðumúla 1.
Komdu þér í Útivistargírinn fyrir sumarið með samheldnum hópi og nýrri tólf vikna göngudagskrá fyrir byrjendur og lengra komna. Starfið og dagskráin verður kynnt í kvöld. Allir eru velkomnir á kynningarfundinn, hlökkum til að sjá ykkur!

### Tónlist

**Hvað?** Mr. Silla & Kristín Anna á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Stöllurnar Silla og Kristín Anna ætla að spila á Húrra á miðvikudagskvöld. Þær munu báðar spila eldra efni í bland við nýtt og óútkomið. Miðaverð 2.000 kr.

**Hvað?** Miðvikudagsdjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Rosenberg Reykjavík, Klapparstíg 27
Tóta og nokkrir uppáhaldstöframenn ætla að stíga á svið og taka ábreiður af nokkrum uppáhaldsperlum. Um er að ræða æðisleg lög í miklu uppáhaldi sem sett eru í nýjan búning. Einnig mun eitt helsta ídól Tótu heiðra gesti með nærveru sinni. Aðgangseyrir 2.000 kr. Allir velkomnir.

Góða skemmtun í bíó

ALLT FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri
Vogue FYRIR HEIMILIÐ

Vitamix
Pro750 galdurinn á bak við ferskt hráefni
• Nýtt útlit, öflugri og hljóðlátari
• Stiglaus hraðastýring ásamt pulse rofa og 5 prógrömmum
• Uppskriftabók fylgir
Kælitækni Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

BIO ★ PARADIS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Frantz | 17:30 |
| Gamlinginn 2 | 18:00 |
| The Other Side Of Hope | 20:00 |
| 15 ár á Íslandi | 20:00 |
| Toni Erdmann | 20:00 |
| Moonlight | 22:30 |
| The Midwife | 22:00 |










# Einfaldleikinn er stundum bestur

**TÓNLIST**

**Píanótónleikar**

★★★★★

**Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari flutti etýður eftir Philip Glass. Með honum kom fram Strokkvartettinn Siggi.**

**Eldborg í Hörpu**
föstudaginn 24. mars



**Víkingur spilaði af einstakri hljómfegurð, hver einasti tónn var mótaður af innileika og smekkvísi, segir í dómnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árið 1955 kom út bókin The Agony of Modern Music eftir tónlistargagnrýnandann Henry Pleasants. Þar var tónlist margra samtímatónskálda harðlega gagnrýnd. Pleasants taldi þau á villigötum, tónlistin sem þau semdu væri svo flókin og óaðgengileg að almenningur vildi ekkert með hana hafa. Eitthvað nýtt þyrfti að koma til og Pleasants hélt því fram að framtíðin lægi í djassinum.

Nokkrum árum eftir að bókin kom út leit þó önnur tónlistarstefna fyrst dagsins ljós. Hún var síðar kölluð mínímalismi. Þar er yfirleitt sama tónahendingin endurtekin í sífellu en þó með smávægilegum breytingum, auk þess sem ný stef bætast stundum við. Þessari tónsmíðaaðferð hefur verið líkt við byggingarlist. Tónahendingin er eins og múrsteinn; hann er ekki merkilegur í sjálfu sér, en þegar hann er margfaldaður og steinunum raðað upp á tiltekinn hátt verður til heil dómkirkja. Endurtekning hins smáa skapar hið stóra og volduga.

Aðferðin er frábrugðin fagurtónlistinni sem áður þekktist. Sú músík byggðist yfirleitt á margþættri úrvinnslu hugmyndanna sem settar voru fram í upphafi tónverksins. Allt gekk út á framvindu, tónlistin var eins og skáldsaga þar sem stöðugt var eitthvað að gerast. Einföld endurtekning var hins vegar litin hornauga, hún var talin merki um andlega fátækt.

Mínímalísk tónlist eftir bandaríska tónskáldið Philip Glass var á efnisskránni á tónleikum Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara í Hörpu á föstudagskvöldið. Þetta voru útgáfutónleikar, því nýlega kom út hljómdiskur þar sem Víkingur spilar þessa tónlist. Diskurinn er gefinn út af Deutsche Grammophone, en Víkingur er kominn á samning hjá fyrirtækinu. Það er engin smáræðis upphefð.

Á tónleikunum var eingöngu tónlist eftir Glass ef frá er talið aukalagið eftir Wagner, sem Víkingur sagði – í gríni – að hefði verið fyrsti mínímalistinn. Hann meinti að Wagner notaði gjarnan það stílbragð að endurtaka sömu hendinguna uns tónlistin rís upp í ofsafenginn hápunkt. Munurinn á Wagner og mínímalistunum er fyrst og fremst tóntegundaskiptin, þau eru tíð hjá þeim fyrrnefnda en ekki hjá hinum.

Tónlistin eftir Glass á tónleikunum samanstóð af etýðum. Etýða merkir fingraæfing en hefur fengið miklu víðtækari skírskotun hjá alls konar tónskáldum. Svo er um Glass og það var eitthvað seiðandi við etýðurnar hans. Einfaldleikinn getur vissulega virkað dálítið ferkantaður, en styrkur hans er hversu beinskeyttur hann er. Endurtekningin er sennilega upphaflega tónlistarformið, bæði sagnfræðilega og líka í líffræðilegum skilningi. Okkar fyrsta tónlistarupplifun er að heyra hjartslátt móður okkar á meðgöngunni. Slík endurtekning er alltaf dáleiðandi og etýður Glass höfðu einmitt þannig áhrif.

Tónleikarnir voru magnaðir. Víkingur spilaði etýðurnar oftast einn, en á tímabili lék Strokkvartettinn Siggi með honum. Sumar etýðurnar eru til í fleiri en einni útgáfu, og kom kvartettinn þá til sögunnar. Víkingur spilaði af einstakri hljómfegurð, hver einasti tónn var mótaður af innileika og smekkvísi. Strokkvartettinn lék líka af alúð og tæknilegum yfirburðum.

Á milli atriða sagði Víkingur frá tónlistinni og kynnum sínum af tónskáldinu og gerði það afar skemmtilega. Hann hefur fallega framkomu og þægilega útgeislun, enda voru tónleikagestir yfir sig hrifnir; undirritaður var þar á meðal. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórfenglegir tónleikar með dáleiðandi tónlist.

# Samdi fyrir Cullbergbaletten

Þetta er það stærsta sem ég hef gert á ferli mínum sem danshöfundur í Evrópu,“ segir Margrét Sara Guðjónsdóttir danshöfundur um verk sitt Hyper sem hún samdi sérstaklega fyrir sænska dansflokkinn Cullbergbaletten og frumsýnt var í Malmö í síðasta mánuði. Hún kveðst ánægð með dómana sem sýningin hlaut í sænskum fjölmiðlum.

„Við munum sýna verkið í Stokkhólmi í haust og svo verða fleiri sýningarferðalög með það í framhaldi af því. Það er mikið að gera í ár þar sem ég með aðra frumsýningu seinna á árinu í Sophiensaile-leikhúsinu í Berlín, titlaða Conspiracy Ceremony-Hypersonic states,“ upplýsir hún. Margrét Sara kveðst ætla að koma heim til Íslands og sýna það verk glænýtt á leiklistarhátíðinni Lókal í samstarfi við Reykjavík Dance Festival í nóvember.

Cullbergbaletten er stærsti og þekktasti nútímadansflokkur Norðurlandanna, hann sýnir verk sín um allan heim og fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í næsta mánuði. Margrét Sara er fyrsti íslenski danshöfundurinn sem hefur verið boðið að skapa nýtt verk fyrir hann. **– gun**



**„Það er mikið að gera þar sem ég með aðra frumsýningu seinna á árinu í Sophiensaile-leikhúsinu í Berlín,“ segir Margrét Sara.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VIÐ MUNUM SÝNA VERKIÐ Í STOKKHÓLMI Í HAUST OG SVO VERÐA FLEIRI SÝNINGARFERÐALÖG MEÐ ÞAÐ Í FRAMHALDI AF ÞVÍ.**

vísir

# Tímamót í sögu Vísis

1998 2001 2006 2010 201 2017



## 2005

### Ahh, NFS

Hin metnaðarfulla Nýja fréttastofa (NFS) var alltaf í þráðbeinni útsendingu á Vísi meðan hennar naut við.

## 2007

### Snjallsíma-byltingin

Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnti fyrstu útgáfu iPhone-símans árið 2007. Rúmlega helmingur lesenda Vísis les vefinn nú á snjalltækjum.



## 2008

### Stórasta land í heimi

Boltavaktin hefur göngu sína. Þar má fylgjast með gangi mála í leikjum á rauntíma. Ríkuleg umfjöllun um íþróttir hefur frá upphafi verið eitt af aðalsmerkjum Vísis.



## 2015

### Sigga Kling

Spákonan okkar allra byrjaði að spá fyrir landsmönnum á Vísi. Það er með ólíkindum að við skyldum komast í gegnum mánuðinn áður en leiðsagnar hennar naut við.



*Þann 1. apríl 2017 er komið að nýjum tímamótum í sögu Vísis. Fylgstu með!*

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.10 Um land allt**
**11.40 Fókus**
**12.10 Matargleði Evu**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Spilakvöld**
**13.45 Feðgar á ferð**
**14.10 Á uppleið**
**14.35 Major Crimes**
**15.20 Schitt's Creek**
**15.45 Glee**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Víkingalottó**
**19.25 Mom** Fjórða gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.
**19.45 Heimsókn** Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að laða fram það besta í viðmælendum sínum.
**20.10 Grey's Anatomy** Þrettánda syrpa þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.
**20.55 Wentworth**
**21.45 The Heart Guy** Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að söðla um og sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi með enga framtíð í skurðlækningum. Fljótlega kemur þó í ljós að staðurinn er uppfullur af freistingum sem erfitt getur verið að standast.
**22.40 Real Time with Bill Maher**
**23.40 Homeland**
**00.30 The Blacklist: Redemption**
**01.15 NCIS: New Orleans**
**02.00 Lethal Weapon**
**02.45 Vinyl**
**03.35 Crimes That Shook Britain**
**04.25 Togetherness**
**04.55 Transparent**
**05.25 Ellen**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.50 Snæfell - Stjarnan**
**08.30 Stoke City - Chelsea**
**10.15 Premier League Review**
**11.10 San Marino - Tékkland**
**12.50 Skotland - Slóvenía**
**14.35 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**15.25 Houston Rockets - Oklahoma City Thunder**
**17.25 Snæfell - Stjarnan**
**19.05 Keflavík - Skallagrímur**
**21.10 Meistaradeildin í hestaíþróttum**
**23.45 Keflavík - Skallagrímur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40 Írland - Ísland**
**09.20 Spánn - Ísrael**
**11.00 Búlgaría - Holland**
**12.40 Premier League World**
**13.10 Rúmenía - Danmörk**
**14.55 Aserbaídsjan - Þýskaland**
**16.35 England - Litháen**
**18.15 Írland - Ísland**
**19.55 Formúla 1 - Keppni**
**22.10 UFC Unleashed**
**22.55 Middlesbrough - Man. United**

## STÖÐ 3

**17.30 The Big Bang Theory**
**17.55 The New Girl**
**18.15 League**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.40 Hlemmavídeó**
**20.10 Gulli byggir**
**20.40 Legends of Tomorrow**
**21.25 Flash**
**22.10 Rome**
**23.15 Klovn**
**23.45 The Knick**
**00.40 Arrow**
**01.20 Curb Your Enthusiasm**
**01.55 Hlemmavídeó**
**02.20 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**09.11 Zigby**
**09.25 Ljóti andarunginn og ég**
**09.47 Stóri og Litli**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**13.11 Zigby**
**13.25 Ljóti andarunginn og ég**
**13.47 Stóri og Litli**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**17.11 Zigby**
**17.25 Ljóti andarunginn og ég**
**17.47 Stóri og Litli**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Gnómeó og Júlía**



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World**
**08.50 WGC: Dell Match Play**
**16.30 PGA Highlights**
**17.25 Kia Classic**
**18.55 Golfing World**
**19.45 WGC: Dell Match Play**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.05 Waitress**
**11.50 Inside Llewyn Davis**
**13.35 Funny People**
**16.00 Waitress**
**17.50 Inside Llewyn Davis**
**19.35 Funny People** Gamanmynd með alvarlegu ívafi frá 2009 með Adam Sandler og Leslie Mann. Grínistinn George Simmins sem hefur öðlast annað tækifæri í lífinu snýr ásamt aðstoðarmanni sínum, hinum upprennandi grínista Ira, aftur til þess staðar sem hafði hvað mest áhrif á líf hans. Með önnur hlutverk fara Seth Rogen, Jonah Hill, Eric Bana og Jason Schwartzman.
**22.00 Date and Switch**
**23.35 Chappie** Spennutryllir frá 2015 sem gerist í nánni framtíð þegar lög- og hergæslu er sinnt af öflugum vélmennum sem fylgja skipunum yfirvalda út í hörgul og hiklaust. En eitt vélmennið er öðruvísi. Það er mannlegt. Það er Chappie. Ungur forritari sem komist hefur yfir eldri tegund af löggæsluvélmenni ákveður að forrita það upp á nýtt með þeim eiginleikum að vélmennið geti bæði hugsað, talað og lært eins og manneskja. Forritunin heppnast, en um leið og yfirvöld komast að þessu verður fjandinn laus því þau óttast að vélmenni sem tekur eigin ákvarðanir geti markað upphafið að endalokum mannkyns.
**01.35 Kept Woman**
**03.05 Date and Switch**

## RÚV

**17.20 Úr gullkistu RÚV: Út og suður**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Finnbogi og Felix**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Skólahreysti**
**20.30 Kiljan**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Olíuplánetan**
**23.15 Veröld Ginu**
**23.45 Kastljós**
**00.05 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Melrose Place**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.20 Dr. Phil**
**14.00 Black-ish**
**14.25 Jane the Virgin**
**15.10 Speechless**
**15.35 The Mick**
**16.00 Það er kominn matur**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 King of Queens**
**19.00 Arrested Development**
**19.25 Þríþrautarleikarnir 2017 – samantekt**
**20.15 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 Quantico**
**22.35 The Tonight Show**
**23.15 The Late Late Show**
**23.55 Californication**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





Hann sækir sér egg til nágrannans á hverjum morgni, veit ekkert betra en að grilla pylsur í hádeginu, tekur helst ekki til og berst við konuna um plássið í fataskápum þeirra. Í næsta þætti af Heimsókn bankar Sindri upp á hjá grínistanum Steinda Jr. sem býr ásamt konu og barni í Mosfellsbænum.

**MAGNAÐ**
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**GREY'S ANATOMY**
Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.



**WENTWORTH**
Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til morðs á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.



**THE HEART GUY**
Loka-þáttur
Stórskemmtilegir þættir um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi.



**REAL TIME WITH BILL MAHER**
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



**DATE AND SWITCH**
Tveir vinir eru staðráðnir í að missa sveindóminn áður en skólaárið er á enda en það reynir á vinskap þeirra þegar annar þeirra lýsir því yfir að hann sé samkynhneigður.



**HLEMMAVÍDEÓ**
Frábærir gamanþættir um Sigga sem er fráskilinn og býr einn rétt hjá Hlemmi. Hann rekur gamla vídeóleigu sem hann erfði eftir föður sinn og ekki er allt sem sýnist.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# ÓDÝRU RAFMAGNS-BORÐIN Í HIRZLUNNI

Vönduð dönsk skrifborð frá Tvilum.
Sterk filma sem endist mjög vel og upplitast ekki.
Rafknúnir hæðarstillanlegir fætur, hæð 65-116cm.



**PRIMA RAFMAGNSBORÐ**
120 X 80
**56.000 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



**PRIMA RAFMAGNSBORÐ**
180 X 90
**67.800 kr.**
LITIR Í BOÐI: hvítt, svart og coffe.



**PRIMA RAFMAGNSBORÐ**
150 X 80
**58.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.

FULLT AF TILBOÐUM Í VERSLUN OG Á HEIMASÍÐU

## STÓLAR Á TILBOÐI




**WAGNER ERGOMEDIC 100-2**
219.600 kr.
**149.900 kr.**




**SITNESS 15**
99.600 kr.
**53.900 kr.**




**OPEN POINT SY**
59.900 kr.
**39.900 kr.**

Dondola®

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð á Wagner*

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

## SKÁPAR OG HIRZLUR



**SKÚFFUSKÁPUR (4 SKÚFFUR)**
**39.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**
**61.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**
**57.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**
**51.700 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.

MYNDFORM GRAFÍK

**Hirzlan**

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is

# Bleikja með stökku roði sem klikkar ekki


Það besta við þennan rétt er stökka roðið að sögn Önnu. MYND/ANNA BJÖRK

Matarbloggarinn **Anna Björk** reiðir þennan ljúffenga rétt gjarnan fram þegar hún fær gesti í mat enda er hann einfaldur í framkvæmd og getur varla klikkað.

Það sem mér finnst svo gott við bleikjuna er roðið, sem verður stökkt og dásamlegt þegar það er grillað. Blómkálsmaukið er flauelsmjúkt, smjörið er kryddað með oregano og hvítlauks- og balsamikedikið setur Miðjarðarhafsstemningu á diskinn. Rétturinn er bragðmikill og með skemmtilegri áferð. Best af öllu er að hann er léttur og fer vel í mann,“ segir Anna Björk Eðvarðsdóttir sem hvetur lesendur til að borða roðið. „Það er dásamlega gott, eins og besta pura.“

## BLEIKJA MEÐ BLÓMKÁLSMAUKI OG OREGANOSMJÖRI

Fyrir fjóra

4 x 200 g bleikjuflök, með roði
Sjávarsalt
Nýmalaður svartur pipar

**Blómkálsmaukið**
1 kg blómkál, saxað
2 ½ dl matreiðslurjómi
7 ½ dl kjúklingasoð
25 gr. smjör í bitum
Sjávarsalt

**Oregano-smjörið**
80 gr. smjör
¼ bolli fersk oreganolauf
1 hvítlauksrif, marið
1 msk. gott Balsamikedik (ekki gljái)


Matarbloggarinn Anna Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blómkálið, rjóminn og soðið er sett í meðalstóran pott og suðan látin koma upp. Þá er hitinn lækkaður og blómkálið soðið í 20 mín. Soðinu er hellt af, en um það bil 2-3 msk. af því geymt.

Kálið, 25 g af smjöri og soðið er sett í matvinnsluvél og maukað alveg flauelsmjúkt. Smakkað til með salti.

Roðið á bleikjunni er skafið með bakinu á stórum hníf. Grillið í ofninum er hitað. Bleikjuflökin eru lögð á ofnplötu með bökunarpappír, roðið niður. Bleikjan er söltuð og pipruð.

Platan er sett eins hátt í ofninn undir grillið og hægt er og fiskurinn grillaður í ca. 1-2 mínútur. Þá er bleikjunni snúið við, vel af sjávarsalti stráð á roðið og platan sett aftur á sama stað í ofninn og fiskurinn grillaður áfram þar til roðið byrjar að bólgna upp og verður gyllt og alveg stökkt. Þetta tekur ca. 3-5 mín.

Hvítlauksrifið er marið og sett í litla skál með blasamikedikinu.

Smjörið er brætt í potti og oreganolaufið sett út í og steikt á meðalhita þar til það fer að gefa góða lykt. Þá er potturinn tekinn af hitanum og edikið með hvítlauknum er hrært saman við smjörið, saltað ef þarf.

Þegar bleikjuflökin eru tilbúin er blómkálsmaukið sett á diskinn og flakið lagt ofan á með roðið upp. Krydduðu smjörinu er hellt yfir. gudnyhronn@365.is


# Til sölu: Hótelfasteign í miðborginni

Til sölu ný 24 herbergja hótelfasteign á mótum Rauðarárstígs og Háteigsvegar. Hótelið er hið glæsilegasta, en húsið var allt tekið í gegn árið 2016 og því fylgja 17 bílastæði.
Langur leigusamningur er við öflugan og traustan rekstraraðila.
Í öllum herbergjum er að finna ísskáp, ofn, eldavél, örbylgjuofn, uppþvottavél, og fallegar eldhúsinnréttingar með granít borðplötum. Herbergin eru með sér baðherbergi. Innréttingar og aðbúnaður er eins og best verður á kosið.





**Frekari upplýsingar veitir:**
Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is
**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 03.17


# Michelle Pfeiffer þjáist af blekkingarheilkenninu

Leikkonan Michelle Pfeiffer virðist þjást af „imposter syndrome“, eða blekkingarheilkenni eins og það kallast á íslensku en það lýsir sér þannig að manneskju líður eins og hún sé að blekkja alla hvað varðar hæfileika sína og að það sé tímaspursmál þar til annað fólk kemst að því að hún sé í raun ekki eins hæf og áður var talið.

Pfeiffer hóf feril sinn árið 1978 og hefur vegnað vel allar götur síðan. En þrátt fyrir velgengnina finnur hún oft fyrir kvíða sem á rætur sínar að rekja til þess að hún óttast að standa sig ekki nógu vel. Hún er hrædd um að það „komist upp um hana“ þar sem hún fór ekki í leiklistarnám á sínum tíma og er því ekki menntuð leikkona.

Pfeiffer greindi nýverið frá þessu í viðtali sem birtist í Interview Magazine. „Þegar ég leik í erfiðum senum og er hrædd þá baða ég út höndunum og segi: „Ókei, leiklistarguðir, ég þarf á ykkur að halda í dag!“,“ sagði leikkonan hæfileikarika.


Michelle Pfeiffer er einna þekktust fyrir hlutverk sín í Scarface og Batman Returns. NORDICPHOTOS/GETTY

Þess má geta að Pfeiffer hefur hlotið þrjár tilnefningar til Óskarsins og unnið ein verðlaun á Golden Globe hátíðinni. – gha

# Fengu góðvin sinn til að hanna brúðardressin

Leikkonan Samira Wiley, sem er best þekkt fyrir hlutverk sitt í þáttunum Orange Is the New Black, og Lauren Morelli, einn höfundur og framleiðandi þáttarins, gengu í það heilaga um helgina í Palm Springs.

Wiley og Morelli klæddust báðar hönnun Christians Siriano þegar þær létu pússa sig saman en Siriano er góðvinur þeirra.

Siriano greindi frá hönnunarferlinu í viðtali við People Style. „Þær vildu hafa þetta alvöru tískusýningu og ég held að okkur hafi tekist vel upp. Þetta eru kraftmiklar konur sem vita hvað þær vilja, það er alltaf hjálplegt,“ sagði hann meðal annars.

Siriano hannaði kjól á Wiley en hvítan samfesting á Morelli. „Samira Wiley og ég höfum verið vinir í áraraðir. Ég hef dressað hana upp fyrir hin ýmsu tilefni og ég veit hvað hún vill. Þannig að þegar þær trúlofuðu sig og báðu mig um að hanna brúðardressin þurfti ég ekki að hugsa mig lengi um,“ sagði Siriano. **– gha**



**Samira Wiley og Lauren Morelli trúlofuðu sig í október í fyrra.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Christian Siriano vann fjórðu seríu af raunveruleikaþáttunum Project Runway árið 2007.**



**Söngkonan Demi Lovato hefur haldið sig á beinu brautinni í fimm ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Búin að vera edrú í fimm ár

Söngkonan Demi Lovato gaf áfengisdrykkju upp á bátinn fyrir fimm árum. Síðan hún hætti að drekka hefur hún reynt að tala opinskátt um alkóhólismann sem hún þjáðist af í von um að saga hennar hjálpi öðrum. Nýverið sagði hún frá því í viðtali við Entertainment Tonight að hún væri viss um að hún væri ekki á þeim stað sem hún er á núna hefði hún haldið áfram að drekka. Hún greindi einnig frá árangri sínum á Instagram og sagði meðal annars: „Ég er svo stolt af sjálfri mér og ég hefði ekki getað þetta án almættisins (Guðs), fjölskyldunnar, vina minna og allra þeirra sem hafa stutt mig.“ **– gha**



**Cara Santana og Jesse Metcalfe eru að undirbúa brúðkaup.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ætla að bíða með kynlífið

Leikararnir Jesse Metcalfe og Cara Santana trúlofuðu sig í ágúst síðastliðnum og eru nú í óðaönn að undirbúa stóra daginn. Santana ræddi brúðkaupsundirbúninginn á dögunum í spjallþættinum The Lowdown with Diana Madison og þá kom kynlíf þeirra Metcalfe og Santana til tals. Þar greindi Santana frá því að hún ætlaði sér ekki að stunda kynlíf með Metcalfe fyrr en þau væru orðin hjón. Þess má geta að Santana og Metcalfe hafa verið saman síðan árið 2009 en árið 2011 tóku þau sér stutta pásu. **– gha**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Fyrirlestramaraþon Háskólans í Reykjavík

Hið árlega Fyrirlestramaraþon HR fer fram fimmtudaginn 30. mars. Fræðimenn við háskólann kynna nýjar rannsóknir og fjölbreytt viðfangsefni í tíu mínútna örfyrirlestrum. Dagskráin er öllum opin og aðgangur ókeypis. Boðið verður upp á léttar veitingar.

| | Íþróttafræði | Hagfræði | | Tæknifræði | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Sálfræði | Viðskiptafræði | Tölvunarfræði | Verkfræði | Lögfræði |
| Stofa | M102 | V107 | V108 | M110 | M208 |
| 12:00 | **Ingi Þór Einarsson** Áhrif markvissrar íþróttaþjálfunar á lýðheilsu fatlaðra barna | **Már Wolfgang Mixa** Hinn ómögulegi þríhyrningur – vaxtastig á Íslandi | **Henning Úlfarsson** Training a virtual mathematician | **Páll Jensson** Aðgerðarannsóknir – hvað er nú það | **Katrín Oddsdóttir** Flóttamannaréttur – hvers vegna þessi en ekki hinn? |
| 12:10 | **Jose Saavedra Garcia** Handball research | **Catherine Elisabet Batt** Áætlanagerð á Íslandi | **Michal Borsky** Voice quality assessment for diagnosis and treatment of voice disorders | **Vijay Chauhan** Developing methods for geothermal superheated steam utilization | **Ragnhildur Helgadóttir** Erlend áhrif á stjórnarskrána frá 1920 |
| 12:20 | **Margrét Lilja Guðmundsdóttir** Íþróttir sem forvarnir | **Hallur Þór Sigurðarson** Þrá, nýsköpun og skrifræði í opinberri stjórnsýslu (case-study) | **Yngvi Björnsson** Gervigreindarbyltingin | **Anna Sitek** Excitons in polygonal nanorings | **Margrét Einarsdóttir** Framkvæmd EES-samningsins |
| 12:30 | **Rannveig S. Sigurvinsdóttir** Tengsl trúarþátta og vímuefnanotkunar ungmenna | **Ketill Berg Magnússon** Ábyrg ferðaþjónusta | **Mohammad Hamdaqa** Finding errors in code we do not understand | **Sigurður Ingi Erlingsson** Reversal of thermoelectric current in tubular nanowires | **Guðmundur Sigurðsson** Er slys þá ekki alltaf slys? |
| 12:40 | **Sigrún Ólafsdóttir** Óútskýrð líkamleg einkenni | **Páll Melsted Ríkharðsson** Big data and the death of free will | **Hannes Högni Vilhjálmsson** Measuring reality virtually | **Þórður Helgason** Mænuraförvunaraðferð síspennu | **Gunnar Þór Pétursson** Trúartákn á vinnustað – Nýir dómar Evrópudómstólsins |
| 12:50 | **Hlín Kristbergsdóttir** Áhrif geðheilsu á meðgöngu á frávik hjá börnum | **Aldís Sigurðardóttir** Samningatækni í launaviðræðum | **David Thue** Games for research | **Þórður Víkingur Friðgeirsson** Leiðtogafræði Google | **Arnar Þór Jónsson** Bindandi áhrif dóma – Res judicata |

**Nánar á hr.is/fyrirlestramarathon**

Dagskráin er sett fram með fyrirvara um breytingar.






Margrét bendir á að það sé ýmislegt sem megi laga þegar kemur að þjónustu og gestrisni hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segir vanta upp á gestrisni hér á landi

Síðustu viku hafa farið víða nokkur dæmi þar sem þjónustu við viðskiptavini er ansi ábótavant svo vægt sé til orða tekið. Þetta vandamál er þó viðloðandi hér á landi, segir **Margrét Reynisdóttir**, sérfræðingur í þjónustu, sem hefur skrifað bækur um málið.

Ef athugasemdirnar á samfélagsmiðlunum eru skoðaðar þá sést að til dæmis veitingastaðir fá kannski fimm stjörnur og maturinn og starfsfólkið er frábært en síðan daginn eftir eru það tvær eða þrjár stjörnur, maturinn er áfram góður en það er þjónustan og gestrisnin sem eru að klikka. Það er alveg sama hvort það eru veitingastaðir eða aðrir staðir sem þessir gestir okkar eru að koma á – þarna vantar upp á fræðslu og þjálfun hjá starfsfólkinu,“ segir Margrét Reynisdóttir framkvæmdastjóri og sérfræðingur í þjónustu hjá Gerum betur – hún hefur kennt námskeið í þjónustu og gestrisni og einnig skrifað bækur um efnið – svo að það má sannarlega segja að málefnið sé henni hugleikið.

Þjónusta við viðskiptavini, sérstaklega hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu, hefur verið í brennidepli upp á síðkastið í ljósi stóraukinnar umferðar ferðamanna um landið og ekki síst nú í þessari viku þegar myndband af starfsmanni ferðaþjónustufyrirtækis sem bregst ókvæða við kvörtunum fer á flug í netheimum. Margrét segir að starfsfólk í þjónustu fái ekki nógu mikla þjálfun í samskiptum við kúnna og segir til að mynda að þjálfun í að eiga við erfiða gesti sé alveg nauðsynlegur undirbúningur.

**ÞAÐ ERU ÖLL TÆKI OG TÓL TIL, EF ÞAÐ ER BARA ÁHUGI – ÞAÐ ÞARF SVOLÍTIÐ AÐ ÝTA AÐ FÓLKI HVAÐ ÞJÓNUSTAN SKIPTIR MIKLU MÁLI.**

„Það skiptir svo rosalega miklu máli að þau hafi skýrar leiðbeiningar – en starfsfólk er oft ekkert að fá slíkar leiðbeiningar, það er bara sett í starfið og svo finnur það einhvern veginn út úr þessu eða gefst upp, því að kúnninn verður bara reiður. Við erum eitt dýrasta land í heimi og þegar það er boðið upp á svona dýra vöru þá er ekki hægt að bjóða gestum upp á að gestrisni og þjónusta sé ekki í lagi. En það gerist ekkert af sjálfu sér.

Þetta er náttúrulega uppeldisstarf sem þarf að eiga sér stað – það er oft sagt að ferðaþjónustan hér á landi sé svo ung, en það er bara léleg afsökun. Það eru öll tæki og tól til, ef það er bara áhugi – það þarf svolítið að ýta að fólki hvað þjónustan skiptir miklu máli. Við erum rosalega góð í að hafa glæsilega aðstöðu, flott herbergi, flotta veitingastaði, dásamlegan mat en svo er svolítið kastað til höndunum í þáttum sem snúa að námskeiðum og þjálfun starfsmanna.“

**stefanthor@frettabladid.is**

## Nokkur atriði sem geta bætt þjónustu

1 Setjið nákvæma uppskrift um hvernig þjónusta ykkar á að vera. Erlendis eru þetta kallaðir staðlar og í Disney-görðunum eru til dæmis notuð hundruð staðla til að hver og einn gestur upplifi töfrana á persónulegan hátt.

2 Tryggið að allt starfsfólk hafi þekkingu á því sem það á að gera og kunni til verka. Allir starfsmenn hótels ættu því til dæmis að kynna sér hvað hótelið hefur upp á að bjóða svo sem matseðla, vínseðla, aðstöðu, ferðir og nærumhverfi.

3 Gleymið aldrei að gestir vilja að það sé tekið á móti þeim með bros á vör sama hvaðan þeir koma. Það skiptir öllu máli að byrja samskipti vel því fólk er fljótt að mynda sér skoðun og henni getur verið erfitt að breyta.

4 Aldrei að segja „nei“. Gesturinn vill heyra já, ég get aðstoðað. Þið eru sérfræðingarnir og vitið hvar hægt er að leita lausna.

5 Gerðu þér grein fyrir því að þú hefur áhrif á líðan annarra.

6 Þegar gesturinn kvartar má aldrei fara í vörn. Veittu honum alla athygli þína og hlustaðu vandalega á það sem hann hefur fram að færa. Ekki hika við að biðjast afsökunar. Leggðu þig svo fram um að leysa fljótt og örugglega úr málinu.

7 Taktu aukaskrefið: Það er algeng grunnregla að gestir ættu að fá aðeins meira en þeir búast við að fá. Ef starfsmenn ná að gleðja gesti með því að taka aukaskrefið og fara aðeins fram úr væntingum þeirra eru augljóslega meiri líkur á viðskiptatryggð og jákvæðum ummælum.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SAMSUNG

# 55" bogið ekta UHD 4K sjónvarp fyrir 119.900,-




**LÆKKUN! með hækkandi sól**

**55" KR. 119.900,-**

**KU6175**

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 55" eða 124cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

**LÆKKUN! með hækkandi sól**




**40" KR. 89.900,-**

**K6375**

FullHD • LED • 1920X1080 • 800 PQI • Nýtt Smart viðmót • Með gervihnattamóttakara

**LÆKKUN! með hækkandi sól**




**49" KR. 94.900,-**

**K5515**

FullHD • LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót • Einnig til í svörtu

**LÆKKUN! með hækkandi sól**




**49" KR. 119.900,-**

**KU6475**

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi • **55" kr. 154.900,-**

**LÆKKUN! með hækkandi sól**




**49" KR. 119.900,-**

**KU6655**

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi • **55" kr. 159.900,-**

**FYRIR HEIMILIN Í LANDINU**

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

## SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Kristínar Ólafsdóttur




## Raddlausar konur

Ég horfði á kvikmyndastiklu um daginn. Myndin fjallar um reffilegt gengi ofurhetja og hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu. Ég skemmti mér vel við áhorfið. Hetjurnar börðust djarflega, tæknibrellurnar voru glæsilegar og af og til var meira að segja skotið inn brandara.

En svo tók reyndar bara ein kona til máls. Ein kona – og fimm karlar.

Það er nefnilega svolítið merkilegt, þetta varðandi skemmtiefnið sem framleitt er fyrir okkur. Miðað við sögurnar sem valið er að segja og tilhögun á hlutverkaskipan mætti ætla að mannkynið skiptist u.þ.b. eins og í umræddri stiklu: ein kona á hverja fimm karlmenn.

Mér fannst þetta fram úr hófi sárt þegar ég var barn. Í teiknimyndum, sem ekki voru stílaðar sérstaklega á stelpur, var ömurlega oft farið með kyn mitt eins og einhvers konar persónu- eða útlitseinkenni. Einn var rauðhærður, einn var bókhneigður, einn var hugrakkur leiðtogi og einn var stelpa.

En svo er þetta eiginlega ekkert minna sárt núna. Konur fá of sjaldan rödd í skemmtiefni sem höfða á til allra. Bókstaflega. Manni finnst næstum því skrýtið þegar tvær konur ræða saman í kvikmynd. Og sömu sögu er að segja þegar kemur að hlutverkum sem þarfnast ekki einu sinni raddar. Hinir þöglu, hversdagslegu og hlutlausu – lögreglumenn, húsverðir, yfirmenn, gangandi vegfarendur – eru í flestum tilvikum karlar. Þeir eru normið, konur eru frávik.

Ég held samt að nú séu umrótstímar. Stelpur eru í auknum mæli að hrifsa til sín orðið og þær fá sífellt sterkari hljómgrunn. Við erum nefnilega langþreyttar á því að vera undantekning.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland








# FARÐU ÚT
## MEÐ GAMAN FERÐUM!

Hjá Gaman Ferðum leggjum við áherslu á að vera með góðar íbúðagistingar, fyrsta flokks hótel og gott verð. Komdu með því sólin skín hjá Gaman Ferðum!

### Verðdæmi TENERIFE



**Tigotan ****

Verð frá: **98.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Hálft fæði innifalið. Ferðatímabil: 13.- 20. maí ‘17.



**Green Garden Resort & Suites ****

Verð frá: **78.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Ferðatímabil: 20.- 27. júní ‘17. *Verð frá 100. 500 kr. miðað við 2 fullorðna.*

### Verðdæmi SALOU



**Blaumar ****

Verð frá: **96.000 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 2.- 10. júní ‘17. *Verð frá 110.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*



**Dorada Palace ****

Verð frá: **73.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Akstur og hálft fæði innifalið. Ferðatímabil: 12.- 20. júní ‘17. *Verð frá 89.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*

### Verðdæmi TOSSA DE MAR



**GHT Sa Riera ****

Verð frá: **79.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 29. maí - 6. júní ‘17.

### Verðdæmi LLORET DE MAR



**Anabel ****

Verð frá: **78.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn. Akstur og morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 12.- 20. júní ‘17. *Verð frá 91.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is

Gaman Ferðir